

ÚTTEKT Á STARFSEMI

Verkmenntaskóla Austurlands

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

15. janúar 2015

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

*Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og
Sveinborg Haflíðadóttir*



Úttekt á starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands 2014

Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum ásamt fulltrúum skólanefndar og skólaráðs fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 15. janúar 2015

Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum.....	5
1. Inngangur	7
1.1. Gagnaöflun	7
2. Skólinn og umhverfi hans	8
2.1. Nemendur	9
2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda.....	10
2.1.2. Brottfall nemenda.....	12
2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara.....	13
2.2. Mannauður.....	13
2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl.....	13
2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna	14
* Í þessari tölu eru kennarar í iðnnámi. Þar af eru 5 iðnmeistarar og með kennsluréttindi. Einnig er einn iðnmeistari í kennsluréttindanámi.	15
2.2.3. Sí- og endurmenntun	15
2.2.4. Starfsánægja.....	16
2.3. Áherslur og stefna skólans	16
2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum	18
2.3.2. Jafnréttisstefna.....	18
2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna	19
2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli.....	20
2.3.5. Umhverfisstefna	20
2.3.6. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt.....	21
2.4. Húsnæði og aðbúnaður.....	21
2.4.1. Eftirlit úttektaraðila.....	21
2.4.2. Öryggisnefnd skólans.....	22
2.5. Lög og reglugerðir	22
2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins	22
2.7. Námsbrautir	22
2.7.1. Uppeldisbrautir	22
2.7.2. Bygginga- og mannvirkjagreinar	23
2.7.3. Framhaldsskólabraut.....	23
2.7.4. Hársnyrtiiðn.....	24
2.7.5. Iðnmeistaránám	24
2.7.6. Málmiðngreinar	24
2.7.7. Rafiðnir.....	24
2.7.8. Sjúkraliðabraut	25
2.7.9. Starfsbraut.....	25
2.7.10. Stúdentsbrautir	25

2.7.11. Viðbótarnám við starfsnám til stúdentspróf.....	25
2.7.12. Vélstjórnarnám	26
2.7.13. Fjarnám.....	26
2.8. Mat úttektaraðila	26
3. Skólanámskrá	29
3.1. Endurskoðun skólanámskrár.....	29
3.1.1. Grunnþættir menntunar.....	30
3.2. Tengsl skólastiga	31
3.3. Námsmat.....	32
3.3.1. Árangur og einkunnir.....	33
3.4. Mat úttektaraðila	34
4. Stjórnun og rekstur.....	35
4.1. Stjórnskipulag og skipurit.....	35
4.1.1. Skólaráð	36
4.1.2. Skólanefnd	36
4.2. Ákvarðanataka	37
4.3. Nemendafélag	37
4.4. Mat úttektaraðila	38
5. Nám og kennsla	39
5.1. Fjölbreytni	39
5.2. Kennsluhættir	39
5.2.1. Jafnréttiskennsla	40
5.3. Lýðræði	40
5.4. Þróunarverkefni	41
5.5. Mat úttektaraðila	41
6. Skólabragur og samskipti	43
6.1. Líðan nemenda	43
6.2. Einelti og agamál.....	44
6.3. Félags- og tómstundastarf	44
6.4. Jafnrétti meðal nemenda	45
6.5. Náms- og starfsráðgjöf.....	46
6.6. Forvarnar- og áfallaráð	47
6.7. Mat úttektaraðila	47
7. Innra mat.....	49
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd	49
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati	50
7.3. Mat á frammistöðu kennara	50
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats.....	50
7.5. Mat úttektaraðila	51

8. Foreldrasamstarf og ytri tengsl	52
8.1. Foreldraráð.....	52
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag.....	52
8.3. Lýðræði og þátttaka.....	53
8.4. Upplýsingaflæði	54
8.5. Mat úttektaraðila	54
9. Nemendur með sérþarfir	55
9.1. Almenn stoðþjónusta	55
9.2. Starfsbraut	56
9.3. Mat úttektaraðila	57
10. Niðurstöður höfunda	58
10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	59
10.3.1. Skólinn	59
10.3.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið	60
Viðaukar	61
Viðauki I - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2014.	61
Heimildir	62

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands (VA) á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi hans. Lagt er mat á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, nám og kennslu, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra, sérþarfir nemenda og kannað hvort innra mat skólans mætir ákvæðum aðalnámskrár og þörfum skólans.

VA var stofnaður árið 1986 en forveri hans var Framhaldsskólinn í Neskaupstað sem varð til með sameiningu Gagnfræðaskólans í Neskaupstað og Iðnskóla Austurlands. Skólinn leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám ásamt því að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda. Sérstaða skólans er að hann er eini framhaldsskólinn á Austurlandi sem býður upp á verklegt nám og leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við atvinnulífið.

Skipurit skólans, starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir. Skipuritið virðist að mestu leyti henta stærð hans og verkefnum en auka mætti starfshlutfall í stjórnun. Í allri stjórnun er hlutfall kynja jafnt. Skólanefnd er mjög virk, er m.a. samráðsaðili skólameistara, hefur komið að stefnumótun og fylgst vel með starfi skólans. Rekstur skólans árið 2013 var hallalaus og höfuðstóll jákvæður. Starfsmannavelta er lítil, ánægja með stjórnendum skólans hefur aukist og starfsmenn hafa góðan aðgang að þeim.

Faglegt frelsi kennara er mikið. Ekki eru allir kennarar skólans menntaðir á sínu fagsviði eða hafa þeir allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Fjölbreytt námsval í litlum skóla gerir það að verkum að í sumum tilfellum kenna kennarar fleiri greinar en þeir eru menntaðir í. Skólinn hefur reynt að uppfylla faglegar kröfur til kennara í framhaldsskóla með samstarfi við atvinnulíf svæðisins og Fjarmenntaskólann.is. VA hefur skriflegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara sem auk þess fá leiðsagnarkennara. Skólinn er með fræðslustefnu og áætlað er að vinna formlega endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk. Framboð á endurmenntun kennara virðist að mestu nægjanlegt. Starfsmannasamtöl hafa ekki verið regluleg síðastliðin ár vegna tíðra mannbreytinga við stjórnun skólans en nýr skólameistari festir nú regluleg samtöl aftur í sessi. Framkvæmdin hefur gengið vel og starfsmenn verið ánægðir með samtölin. Húsnæði skólans og skólasafn fullnægja að mestu þörfum skólans.

Fjölbreytt námsframboð virðist koma að mestu leyti til móts við þarfir nemendahópsins, bæði í dagskóla og fjarnámi. Byggð hafa verið upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist þörfum þeirra vel sinnt. Nemendur virðast almennt

ánægðir með skólann og námið en rýna má betur í líðan stráka. Skólinn hafnar fáum umsækjendum og brottfall nemenda er lítið. Endurskoðun námskrárinnar hófst 2008 en óvissa um kjaramál og o.fl. töfðu vinnuna. Stefnt er að því að kenna skv. nýrri námskrá haustið 2015 og að samræmdar áfangalýsingar skv. aðalnámskrá liggi þá fyrir. Í kennsluáætlunum eru skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni og gerð grein fyrir námsmati sem er fjölbreytt en ekki liggur fyrir stefna um námsmat né ákveðin árangursviðmið. Engin formleg stefna er fyrir heimavinnu en skv. nýrri aðalnámskrá reiknast vinnutími nemenda í námseiningum.

Stjórnun hefur eflst, aðgengi að stjórnendum er gott og verkaskipting þeirra skýr. Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum og einelti virðist lítið. Lýðræðisleg aðkoma nemenda að náminu og skólastarfinu er nokkur en má auka m.a. með enn virkara skólaráði. Skólinn hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og fjölmörgum þróunarverkefnum á síðustu árum, sem flest hafa skilað sér í námið. Nemendafélagi skólans hefur gengið ágætlega að halda úti fjölbreyttri starfsemi og hefur leitað nýrra leiða til að ná til nemenda. Innra mat skólans uppfyllir að mestu leyti viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Flestir þættir skólasamfélagsins eru metnir en sjálfsmatsáætlun þarf að vera ítarlegri og æskilegt væri að fulltrúi nemenda sæti í sjálfsmatshópnum svo tryggja megi virka þátttöku aðila skólasamfélagsins. Foreldraráð er nokkuð virkt og gott samstarf er milli foreldra og stjórnenda skólans. Samstarf skólans við grunnskóla sveitarfélagsins og svæðisins hefur aukist, samstarf við aðra framhaldsskóla er mikið gegnum Fjarmenntaskólann en samstarf við framhaldsskóla á svæðinu og háskóla mætti auka. Skólinn á í miklu samstarfi við grenndarsamfélagið sem báðum aðilum hefur gagnast vel.

Helstu styrkleikar skólans eru sérstaða hans að vera eini framhaldsskólinn á Austurlandi sem býður upp á verklegt nám, góð tengsl við atvinnulífið á svæðinu, fjölbreytt námsval og kennsluáferðir þar sem reynt er að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp með öflugri stoðþjónustu og samstarfi við Fjarmenntaskólann, ánægðir nemendur og starfsfólk, markviss stjórnun, mikil tengsl skóla og jákvæðs grenndarsamfélags sem skólinn hefur hækkað menntunarstig í. Veikleikar eru þeir helstir að erfiðlega gengur að laða að kennara með full réttindi, stærsta upptökusvæði skólans er fámennt sem getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val sem einnig er mjög kynbundið. Helstu tillögur til úrbóta eru að lokið verði við nýja skólanámskrá og nemendur verði virkir við endurskoðun hennar, hugað verði að því hvernig fjölga má kennurum með full réttindi, lokið við sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn, skoðað hvernig megi draga úr kynbundnu námsvali, rýna betur í kannanir á líðan, kanna einelti reglulega, sjálfsmatsáætlun verði ítarlegri og nemendur eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina. Í úttektinni er lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Skólann og umhverfi hans.
- Skólanámskrá.
- Stjórnun og rekstur.
- Nám og kennslu.
- Skólabrag og samskipti.
- Innra mat.
- Samstarf við foreldra og ytri tengsl.
- Sérþarfir nemenda.

Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi skólans og niðurstöðum úttektarinnar. Þá er lýst styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum hans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og viðaukar.

1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar úttektinni eru lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og starfsáætlanir skólans, áfangalýsingar, kennsluáætlanir, tölur um skólasókn, heimasíða hans auk annarra gagna (sjá heimildaskrá).

Fundað var með skólameistara og áfangastjóra (hér á eftir vísað í sem yfirstjórn skólans), fulltrúum skólanefndar, skólaráði, kennurum, rýnihópi annarra starfsmanna en kennara, foreldra og nemenda, sérkennslustjóra og náms- og starfsráðgjöfum.

Úttektaraðilar völdu fulltrúa í rýnihópi kennara í samráði við formann kennarafélags skólans. Fulltrúa nemenda valdi formaður nemendafélags. Alls var rætt við 46 manns. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Gögn skólans voru almennt góð.

2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Verkmenntaskóli Austurlands (VA) var stofnaður árið 1986 en að skólanum stóð ríkið ásamt öllum sveitarfélögum í Austurlandskjördæmi sem þá voru 34. Forveri Verkmenntaskólans var Framhaldsskólinn í Neskaupstað stofnaður árið 1981 og starfræktur af ríkinu og Neskaupstað. Framhaldsskólinn varð til með sameiningu Gagnfræðaskólans í Neskaupstað og Iðnskóla Austurlands og var skólinn skilgreindur sem kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunar á Austurlandi.

Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað tók til starfa árið 1931 og kennsla hófst í Iðnskóla Neskaupstaðar árið 1944 og stóð Iðnaðarmannafélag Norðfjarðar fyrir skólahaldinu með fjárframlagi frá ríkinu. Skólinn var starfræktur í nánum tengslum við Gagnfræðaskólann og sinntu kennarar hans jafnframt kennslu við Iðnskólann og skólastjóri Gagnfræðaskólans stýrði iðnskólahaldinu. Iðnaðarmannafélagið kom að starfrækslu Iðnskólans til ársins 1955 en þá tók Neskaupstaður við hlutverki þess.

Í nýjum lögum um iðnfræðslu árið 1966 var kveðið á um að einungis einn iðnskóli skyldi starfræktur í hverju kjördæmi. Á grundvelli þessara laga var ákveðið árið 1968 að Iðnskóli Austurlands skyldi vera í Neskaupstað. Hann varð sjálfstæð stofnun árið 1971 en þá var skipaður sérstakur skólastjóri. Skólarnir sameinuðust síðan undir heiti Framhaldsskólans í Neskaupstað.

Neskaupstaður eitt sveitarfélag á samt ríkinu stóð að uppbyggingu og rekstri Framhaldsskólans í Neskaupstað. Fljótlega varð ljóst nauðsynlegt væri að fá fleiri sveitarfélög til að standa að skólanum. Á árunum 1984 og 1985 var unnið að því verkefni með góðum tilstyrk Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Í kjölfarið var síðan Verkmenntaskóli Austurlands stofnaður með góðri samstöðu í fjórðungnum. Markmið var að stuðla að því að hefja verklegt nám til vegs og virðingar til hliðar við fræðslu á bóknámsbrautum.¹

Hlutverk VA er að vera kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunar á Austurlandi. Sérstaða skólans er að hann er eini framhaldsskólinn á Austurlandi sem býður upp á verklegt nám og leggur skólinn áherslu á að vera í góðum tengslum við atvinnulífið.² Nemendur eru 241 og 40 starfsmenn í 31,37 stöðugildum, þar af tveir í verktöku (0,77 stöðugildi). Við skólann starfa 29 kennarar í 21,6 stöðugildum.

¹ Upplýsingar frá skólameistara.

² Heimasíða VA.

2.1. Nemendur

Nemendur skólans voru á vorönn 2014 alls 229 en á haustönn 2014 voru þeir 241. Nemendur í dagskóla haustið 2014 voru 57%, í fjarnámi 34% og í kvöldskóla 8%. Kynjahlutfall nemenda var 55% konur og 45% karlar. Haustið 2014 var yngsti nemandi skólans fæddur 1998 en sá elsti 1953. Vorið 2014 var elsti nemandi skólans fæddur 1929 en þá stóð skólinn fyrir tölvukennslu fyrir eldri borgara.

Nemendaígildi 25 ára og eldri voru 39,42 af heildarígildafjölda sem var 173,77, þ.e. 22,68 % af nemendaígildum haustannar. Að sögn stjórnenda og kennara getur takmarkaður aðgangur eldri nemenda að framhaldsskólum unnið gegn því markmiði að hækka menntunarstig á landsbyggðinni. Meðalstærð námshópa innan skólans má sjá í töflu 1. Tafla 2 sýnir fjölda nemenda við skólann árin 2010-2014. Nemendafjölda eftir námsbrautum á vorönn 2014 má sjá í Viðauka I.

Tafla 1. Meðalstærð námshópa á haustönn 2013 og vorönn 2014

Námshópur	Haustönn 2013	Vorönn 2014
Bóklegir hópar	16,1	16,6
Verklegir hópar	8,2	7,8
Fagbóklegir hópar	8,8	6,4
Íþróttahópar *	32,5	30
Raungreina hópar	16,8	20,8
Fornámshópar	7,7	6,9
Hægferðarhópar	19,5	12,3
Listgreinar	17	13

* Í VA sækja nemendur í tveimur yngstu árgöngunum íþróttatíma. Aðrir stunda sund, líkamsrækt eða aðrar íþróttir.

Tafla 2. Fjöldi nemenda á árunum 2010-2014

Skólaár/annir	Dagskóli	Kvöldskóli	Fjarnám*	Samtals
Skólaárið 2010-2011				
• Haust	238	24	30	292
• Vor	265	26	25	316
Skólaárið 2011-2012				
• Haust	230	0	18	248
• Vor	199	50	17	266
Skólaárið 2012-2013				

Skólaár/annir	Dagskóli	Kvöldskóli	Fjarnám*	Samtals
• Haust	158	0	29	187
• Vor	136	13	35	184
Skólaárið 2013-2014				
• Haust	210	0	39	249
• Vor	174	0	55	229
Skólaárið 2014-2015				
• Haust	138	20	83	241

* Í VA er ekki kenndir sérstakir fjarnámsáfangar. Nemendur sem eru í fjarnámi eru skráðir í dagskólaáfangar og eru „utan á hangandi“ í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í. Ýmsir séráfangar á námsbraut fyrir leiðbeinendur, námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa og á sjúkraliðabraut eru alfarið kenndir í fjarnámi

2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda

Umsóknum um skólavist hefur fjölgað frá fyrra skólaári en skólameistari segir endanlegar tölur ekki liggja fyrir. Í töflu 3 má sjá inntöku og aðsókn í VA. Að sögn yfirstjórnar er fjölgun nemenda að hluta til vegna samstarfs við Fjölbrautaskóla Norðurlands um sjúkraliðabraut og samstarf við Fjarmennaskólann.is sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni. Skólinn gat tekið við nær öllum þeim nemendum sem sóttu um nám á haustönn 2014. 14 umsóknir bárust um grunndeild rafiðna en skólinn gat aðeins tekið inn 12.³ Tafla 4 sýnir dreifingu nemenda eftir búsetu skólaárið 2013-2014.

Tafla 3. Inntaka og aðsókn nýrra nemenda

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Hlutfall samþykktra umsókna
Skólaárið 2010-2011	147	146	99%
Skólaárið 2011-2012	127	122	96%
Skólaárið 2012-2013	121	113	93%
Skólaárið 2013-2014	185 fimmta önn í rafvirkjun og húsasmíði.	181	98%
Haustönn 2014	93	88	95%

³ Gögn frá skóla.

Tafla 4. Umsóknir nýrra nemenda eftir búsetu skólaárið 2013-2014.

Haustönn 2013		Vorönn 2014		Búseta
Fjöldi	%	Fjöldi	%	Staður
2	1,55			Akranes
9	6,98			Akureyri
1	0,78			Blönduós
1	0,78			Bolungarvík
1	0,78	2	4	Borgarnes
3	2,33			Breiðdalsvík
4	3,10			Dalvík
11	8,53	6	12	Egilsstaðir
8	6,20	1	2	Eskifjörður
5	3,88	2	4	Fáskrúðsfjörður
1	0,78			Garðabær
2	1,55	1	2	Grundarfjörður
1	0,78	1	2	Hafnarfjörður
1	0,78			Hella
		1	2	Hnífsdalur
1	0,78			Hofsós
	0,00	1	2	Hveragerði
2	1,55			Höfn í Hornafirði
1	0,78	3	6	Ísafjörður
2	1,55	4	8	Kópavogur
1	0,78			Mosfellsbær
20	15,50	13	26	Neskaupstaður
2	1,55	1	2	Ólafsfjörður
1	0,78			Ólafsvík
1	0,78			Patreksfjörður
19	14,73	2	4	Reyðarfjörður
7	5,43	6	12	Reykjavík
3	2,33	1	2	Reykjanesbær
2	1,55			Sauðárkrókur
		1	2	Selfoss
3	2,33			Seyðisfjörður
1	0,78			Siglufjörður
1	0,78			Skagaströnd
4	3,10	2	4	Stöðvarfjörður
1	0,78			Suðureyri
1	0,78			Súðavík
1	0,78			Varmahlíð
1	0,78			Vík

Haustönn 2013		Vorönn 2014		Búseta
2	1,55			Pingeyri
		1	2	Ölfus
1	0,78	1	2	Noregur
1	0,78			Japan - skiptinemi

2.1.2. Brottfall nemenda

Skólinn hefur sett sér viðmið um brottfall. Í viðauka við skólasamning VA og mennta- og menningarmálaráðuneytisins kemur fram að markmið skólans er að draga úr brottfalli um 0,2 % á hverju ári frá 2013 – 2015. Til þess að ná því markmiði hefur skólinn ráðið sérkennara og aukið hlutfall námsráðgjafa úr 75% í 100%. Verið er að efla umsjónarkennara til þess að geta gripið fljótt inn í aðstæður. Mætingareglum hefur verið breytt þannig að ef nemendur eru veikir lengur en sex daga er þeim vísað til skólahjúkrunarfræðings frá Heilbrigðisstofnun Austurlands sem kemur í skólann einu sinni í viku, hálfan dag. Nemendur fá aðvörunarbréf þegar mæting er 92% og þar undir. Þá leitast skólinn við að auka aðsókn getumeiri nemenda úr grunnskólum Fjarðabyggðar.⁴ Að sögn yfirstjórnar er helsta ástæða fyrir brottfalli geðræn vandamál og því sé sálfræðiþjónusta nauðsynleg. Skólahjúkrunarfræðingur vísar nemendum til sálfræðings. Tafla 5 sýnir brottfallshlutfall nemenda 2010 - 2014.

Tafla 5. Brottfall nemenda.

Skólaár/annir	Brottfall nemenda (fjöldi)	Brottfallshlutfall
Skólaárið 2010-2011		
Haust	14	6,0%
Vor	5	2,0%
Skólaárið 2011-2012		
Haust	10	4,0%
Vor	10	4,6%
Skólaárið 2012-2013		
Haust	10	5,3%
Vor	5	3,0%
Skólaárið 2013-2014		
Haust	12	5,2%
Vor	13*	5,7%

* Verkfall kennara var á vorönn 2014 sem gæti skýrt aukið brottfall frá fyrra ári.

⁴ Heimasíða VA. Upplýsingar frá yfirstjórn.

2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara

Árlegur kennslutími skólaárið 2013-2014 voru alls 137 kennsludagar, þar af 73 haustið 2013 og 64 vorið 2014. Verkfall kennara hafði áhrif á fjölda kennsludaga. Almenn stefna um forfallakennslu er sú að nemendum er ekki veitt forfallakennsla vegna veikinda kennara nema um sé að ræða lengri forföll. Að sögn yfirstjórnar geta kennarar oft leyst hvern annan af. Haustið 2013 féllu 115 kennslustundir niður vegna veikinda kennara og átta vegna annarra forfalla eða leyfa. 281 kennslustund (þar af 156 vegna endurmenntunar eða kennsluréttindanáms) voru leystar með forfallakennslu eða verkefnum á kennsluvef. Á vorönn 2014 féllu 28 kennslustundir niður vegna veikinda kennara og 16 vegna annarra forfalla eða leyfa. 31 kennslustund (þar af 17 vegna endurmenntunar eða kennsluréttindanáms) voru leystar með forfallakennslu eða verkefnum á kennsluvef. Þá féllu niður 10 kennsludagar vegna verkfalls kennara. Kennslustundir, sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara, hafa undanfarnar annir verið 1-2 % af heildar kennslustundum annar.⁵

2.2. Mannauður

Við skólann starfa 29 kennarar í 21,6 stöðugildum þar með talið deildarstjóri starfsbrautar og þrjú umsjónarmenn á hverju iðnverkstæði auk þess teljast tveir til yfirstjórnar skólans. Yfirstjórn skipa skólameistari og áfangastjóri, einn karl og ein kona. Auk þeirra starfa við stjórnun deildarstjóri starfsbrautar og umsjónarmenn iðnverkstæða þ.e ein kona og þrjú karlmenn. Starfsmenn eru 40 í 31,37 stöðugildum (tveir starfsmenn í verktöku eða 0,77 stöðugildi), þar af eru 58% karlar og 43% konur.

Skólinn hefur starfsmannastefnu en *markmið hennar er að skapa vinnuumhverfi sem laðar að hæft starfsfólk og gerir það eftirsóknarvert að vinna við skólann þannig að hann geti sinnt hlutverki sínu með sóma og standist samanburð við aðra framhaldsskóla*. Í stefnunni er fjallað um áherslu skólans í starfsmannamálum, leiðarljós í samskiptum, starfsumhverfi og gagnkvæmar væntingar og móttaka nýliða. Einnig hefur skólinn starfsmannahandbók en tilgangur hennar er að veita starfsmönnum upplýsingar um ýmislegt í skólastarfinu s.s. símanúmer, starfslýsingar, móttöku starfsmanna, fjarvistir o.fl.⁶

2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl

Starfsmannaveltu skólans og ráðningar árin 2009-2014 má sjá í töflu 6 og í töflu 7 má sjá starfsaldur starfsfólks og kennara við skólann. Mikið er um tímabundnar ráðningar en að sögn skólameistara eru það aðallega stundakennarar sem kenna einn og einn áfanga við skólann. Mikið af tímabundu starfsfólki kenni sérhæfða áfanga jafnvel ár eftir ár. Jafnframt

⁵ Gögn frá VA

⁶ Gögn frá skóla.

sé skólinn í mjög góðu samstarfi við atvinnulífið um kennslu en eigi það þó aðallega við verknám. Lítil viðbrögð hafa borist skólanum þegar auglýst hafi verið eftir verknámskennurum og hafi því skólinn þurft í meira mæli að treysta á sérfræðipækkingu í nærsamfélaginu í tengslum við kennslu.

Starfsmannasamtöl hafa verið regluleg fyrir utan haustönn 2012 og vorönn 2013. Skólameistari hefur átt samtöl við starfsmenn en ekki alla en segist stefna á samtöl við alla starfsmenn á 18 mánuðum. Samtölin nýtist honum vel sem stjórnanda til að sjá hvernig fólki líkar stjórnunin, líðan í starfi og hvað megi bæta. Frammistöðumat hefur ekki verið í samtölunum en rætt sérstaklega í kjölfar áfangamats. Starfsmenn, sem rætt var við, sögðu regluleg samtöl mjög gagnleg.

Tafla 6. Yfirlit yfir starfsmannaveltu skólans árin 2009-2014.

Ár	Hætta v.aldurs	Segja upp	Hætta v.tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Tímabundnar ráðningar 20-40% starfshlutfall
2009					1	Vor 12- Haust 13
2010					1	Vor 12 – Haust 7
2011	2	1			3	Vor 6 – Haust 11
2012		4			2	Vor 12 – Haust 11
2013	1				2	Vor 14 – Haust 11
2014*	1			1	5	Vor 11- Haust 6**

*fram til loka september**2 í starfi 60%-67%

Tafla 7. Meðalstarfsaldur starfsfólks skólans.

Starfsmenn	Meðal starfsaldur	Starfsaldur flestra
Allir starfsmenn	9,29 ár	6,01 ár (6 starfsmenn með 20 ár eða meira teknir út)
Kennarar	10 ár	6,86 ár (4 starfsmenn með 20 ára eða meira teknir út)

2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur: 1). meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 2)öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 3).meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða 4).fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu og uppeldisfræði.⁷

⁷ Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 5. gr.

Ekki hafa allir kennarar skólans full réttindi til kennslu í framhaldsskóla, níu þeirra eru án fullra réttinda til kennslu í framhaldsskóla. Af þeim eru tveir í fullu starfi, aðrir eru í hlutastarfi. Allir sem hafa kennsluréttindi hafa leyfisbréf. Almennt eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna en vegna smæðar skólans og fjölbreytts valnáms taka kennarar að sér kennslu sem fer út fyrir sérsvið þeirra, að sögn skólameistara. Samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni, Fjarmenntaskólinn.is (sjá nánar í kafla 3.2), hefur gert nemendum hans kleift að sækja nám, sér í lagi fjarnám, í öðrum skólum.

Skólinn hefur ferli fyrir móttöku nýliða og kemur það fram í starfsmannastefnu VA.⁸ Þeir fá starfsmannahandbók þar sem helstu upplýsingar er að finna ásamt gátlista. Skólameistari fundar með nýjum kennurum og þeir fá sérstakan leiðsagnarkennara sem að sögn kennara og yfirstjórnar hefur gengið vel. Tafla 9 sýnir menntun kennara. Þar kemur fram að fjórir kennarar eða 13,8% kennaranna hafa lokið meistaragráðu. Tafla 8 sýnir menntun kennara.

Tafla 8. Menntun kennara haustið 2014.

Menntun	Fjöldi
Minna en BA / BS / B.ed*	13
BA / BS / B.ed án kennsluréttinda	1
BA / BS / B.ed auk kennsluréttinda	8
Viðbótarnám án MS	2
MA / M.sc / M. Ed	4
Doktorspróf	1

* Í þessari tölu eru kennarar í iðnnámi. Þar af eru 5 iðnmeistarar og með kennsluréttindi. Einnig er einn iðnmeistari í kennsluréttindanámi.

2.2.3. Sí- og endurmenntun

Skólinn hefur sett sér fræðlustefnu en þar segir að VA *leggi áherslu á að starfsmenn eigi kost á fræðslu og þjálfun sem eykur hæfni og ánægju þeirra í starfi og gerir þá færari í að takast á við ný og síbreytileg verkefni*. Markmið fræðslu sé tvíþætt, stuðla að því að starfsmenn viðhaldi þekkingu sinni og fái tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Fræðsla þurfi að byggja á þörfum skólans og nemenda en einnig sé tekið tillit til þarfa og óska starfsmanna. Ennfremur að starfsmenn skuli sýna frumkvæði við að nýta sér fræðslu og möguleika til starfsþróunar.⁹

Skólinn hefur ekki endurmenntunaráætlun en skólameistari segir áætlað að vinna að henni. Þörf fyrir endurmenntun sé skoðuð í starfsmannasamtölum og skólinn hafi

⁸ Gögn frá skóla.

⁹ Heimasíða VA.

endurmenntunarsjóð sem allir starfsmenn geti sótt í. Fram kom í rýnihópi kennara að fagfélög skipuleggi fræðslu í flestum greinum, auk þess sem internetið „bjargi miklu“. Kennararnir séu líka duglegir að uppfæra hver annan. Sæki starfsmenn endurmenntun á skólatíma sé gefið frí þegar nauðsyn krefur. Þá sé stefnan að hafa almenn námskeið innan skólans t.d. skyndihjálpar. Kennarar sögðu verulegan mun á framboði á endurmenntun á höfuðborgarsvæðinu og á þeirra svæði. Horfa mætti til öflugra samstarfs milli símenntunarmiðstöðva og fagfélaga.

Fram kom í rýnihópi kennara að ekki hafi verið nægileg leiðsögn um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Mest hefði leiðsögnin verið árið 2008 en dregið úr henni síðan þá. Mikið ósamræmi væri á milli iðngreina og standi á ákvörðunum faggreinaráða. „Enginn veit hvað á að gera við iðngreinarnar“. Fram kom það sjónarmið að mennta- og menningarmálaráðuneytið væri alls ekki nógu skýrt um hvað það vilji og þurfi að segja skýrar t.d. hvort það vilji stytta iðngreinarnar. Námið hafi verið lengt 2006 og flestar iðngreinar séu nú fimm annir ásamt samningi.

2.2.4. Starfsánægja

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar *Stofnun ársins 2012* var meðaltal þáttarins ánægja og stolt hjá VA 3,99, á fimm punkta kvarða, sem er á svonefndu starfhæfu bili 3,7-4,1. Niðurstöður könnunarinnar sýna að starfsandi meðal starfsmanna skólans sé einnig á starfhæfu bili en hann mældist 4,00. Skólinn tók ekki þátt í könnuninni 2013¹⁰ að sögn yfirstjórnar vegna tímabundinnar ráðningar skólameistara. 2014 var þátttaka undir þeim mörkum að niðurstöður væru birtar og gæti verkfall framhaldsskóla hafa haft áhrif þar um. Framvegis muni skólinn taka þátt í könnuninni. Í rýnihópi kennara og starfsmanna var sú skoðun almenn að starfsánægja hefði aukist síðan 2012 vegna bættra samskipta stjórnenda og starfsmanna.

2.3. Áherslur og stefna skólans

Skólinn leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám ásamt því að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda. Tekið er sérstakt tillit til austfirskis samfélags í skólastarfinu og því er mikilvægt fyrir skólann að vera í góðum tengslum við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í landshlutanum. Skólinn hefur þá sérstöðu að vera eini skólinn á austanverðu landinu sem býður upp á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Einkunnarorð skólans eru samvinna, þekking og árangur. Í hlutverki

¹⁰ Stofnun ársins.

skólans kemur fram að hann hafi að leiðarljósi grunnþætti menntunar sem tilteknir séu í aðalnámskrá framhaldsskóla og að í skólastarfinu sé leitast við að:¹¹

Veita góða kennslu, auka vísýni nemenda, hvetja til gagnrýnnar og skapandi hugsunar, efla samvinnu og tillitssemi og hvetja til virðingar fyrir umhverfi og samfélagi. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendum gefist tækifæri til þátttöku í heilbrigðu og þroskandi félagslífi. Þá vill skólinn veita nemendum stuðning eftir þörfum og sem fullkonnasta aðstöðu til náms og félagslegra athafna.

Í starfi skólans er nemandinn í fyrirrúmi og er lögð áhersla á að veita hverjum nemenda þá þjónustu sem nauðsynleg er og sé hún einstaklingsbundin. Til þess að meta stöðu einstakra þátta þessu tengt sé því mikilvægt að fylgjast með brottfalli, framkvæma viðhorfskannanir, fylgjast með virkni nemenda, skoða veikindi o.fl. Skólinn hefur sett sér grunn-gildi sem skólastarf byggir á en þau eru agi, jafnrétti, sköpun, samvinna og framfarir. Þar segir:¹²

- *Í öllu skólastarfi er mikilvægt að kennsla og nám einkennist af skipulagi og aga. Nemendur þurfa að beina hugsun sinni í ákveðna átt á hverjum tíma og skipuleggja störf sín með markvissum hætti. Eins er mikilvægt að agaðrar hugsunar og hegðunar gæti í störfum á sviði félagslífs. Sjálfsagi nemenda er lykillinn að góðum árangri.*
- *Skólinn leggur áherslu á jafnan rétt allra einstaklinga og hópa í skólastarfinu. Allir eiga að njóta sömu tækifæra óháð kynferði, kynhneigð, kynþætti, trú, efnahag eða andlegu og líkamlegu atgervi.*
- *Skólastarfið allt á að hvetja til skapandi hugsunar og frumkvæðis allra sem að því koma. Áhersla skal lögð á áræðni og leitast við að skapa aðstæður til að hrinda jákvæðum nýjungum í framkvæmd.*
- *Samvinna er grunn-gildi sem er afar þýðingarmikið. Vekja skal athygli á því að samstarf af öllu tagi getur stuðlað að framgangi verkefna sem einstaklingnum er ofaukið að hrinda úr vör og leysa. Gamla orðtækið „margar hendur vinna létt verk“ skal hér haft að leiðarljósi og einnig hið fornkveðna „maður er manns gaman“.*
- *Nútímaskólastarf þarf að vera framsækið og það haft í huga að unnt er að hafa mótandi áhrif á framtíðina. Í Verkmenntaskóla Austurlands skal hvatt til framsækni á öllum sviðum þó svo að rótgróin gildi séu einnig virt.*

Einnig kemur fram að skólinn leggi áherslu á að allir nemendur eigi kost á að njóta góðrar menntunar og því sé mikilvægt að námleiðir séu fjölbreyttar. Skólinn bjóði upp á fjölbreytta kennsluhætti og námsmat. Einnig er lögð áhersla á jöfn tækifæri og ábyrgð nemenda, gæði kennslu og náms, tengsl við önnur skólastig og mat.¹³ Í viðauka við skólasamning milli VA og ráðuneytisins er gert ráð fyrir að allt nám við skólann samræmist aðalnámskrá 2011 haustið 2015.¹⁴

11 Heimasíða VA.

12 Heimasíða VA.

13 Heimasíða VA.

14 Heimasíða VA.

Endurskoðun stefnu og skólanámskrár (sjá nánar í kafla 3.2.) hófst í maí 2008 með stefnumótunardegi með öllum starfsmönnum. Áframhaldandi vinna var um haustið en misjafnlega tókst til að sögn yfirstjórnar og lá vinnan niðri um hríð. Endurskoðuninni var síðan að mestu lokið í tíð afleysingarskólameistara skólaárið 2012 – 2103 og gæðanefnd skólans yfirfer nú. Nemendur hafa komið að stefnumótun í gegnum skólaráð, skólanefnd, skólafundi og áfangamat. Foreldraráð hefur tekið þátt stefnumótun í tengslum við heilsuefandi skóla og forvarnarmál. Skólanefnd hefur komið að vinnu við ákveðna þætti í skólanámskrá.

2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum

Skólinn hefur sett sér stefnu og áætlun í eineltismálum og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Þar segir:

Skólayfirvöld, starfsfólk og nemendaráð VA lýsa því yfir, að hvorki einelti né annað ofbeldi sé liðið í skólanum. Hlutverk allra starfsmanna skólans er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda og koma vitneskju um einelti sem allra fyrst á framfæri við rétta aðila. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur skólans skipti sér af, komi til hjálpar og láti vita ef þeir verða vitni að einelti.

Í viðbragðsáætlun er að finna viðbrögð við einelti og öðru ofbeldi fyrir nemendur. Unnið er að sérstakri eineltisáætlun fyrir starfsmenn. Verði einstaklingur var við einelti eða annað ofbeldi gagnvart nemanda skal hann leita til umsjónarkennara. Hann kannar málið og hefur samráð við eineltisteymis skólans. Teymið og umsjónarkennari meta viðbrögð í framhaldinu. Ef talið er að um einelti sé að ræða fer málið fyrir eineltisteymi skólans. Teymið skipa skólameistari og náms- og starfsráðgjafi. Hlutverk teymisins er að vinna úr þeim málum sem því berast en það kalli aðra aðila til samráðs eftir þörfum. Ennfremur er hlutverk starfsfólks og nemenda við forvarnir skilgreint í viðbragðsáætluninni. Sjá nánar um einelti í kafla 6.2.¹⁵

2.3.2. Jafnréttisstefna

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.¹⁶

Skólinn vinnur nú að endurskoðun á jafnréttisstefnu sinni en markmið hennar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og þannig tryggja stöðu kynjanna á öllum sviðum skólans. Allir einstaklingar, nemendur og starfsfólk, skulu eiga jafna möguleika óháð kyni. Einnig koma þar fram leiðir til að ná markmiðum stefnunnar. Skólinn hefur ekki sett sér framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum líkt og lög nr. 10/2008 segja til um.

¹⁵ Gögn frá skóla.

¹⁶ Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

Jafnréttisnefnd er við skólann og er jafnréttisfulltrúi ábyrgur fyrir framkvæmd stefnunnar.¹⁷ Hlutfall kynja í hópi starfsmanna er 58% karlar og 43% konur og hlutfall kynja í stjórnun jafnt. Sjá kafla 6.4 um jafnrétti meðal nemenda. Verknámsvikur skólans hafa það markmið að fá fleiri nemendur inn í nám. Undirmarkmið eru að stúlkur fari í karllægar greinar og strákar fari í kvenlægar greinar og þurfa kynin að velja tvær greinar. Verknámsvika hefur að sögn stjórnenda virkað hvetjandi í fá jafnara hlutfall í báðar áttir.

2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna

Skólinn hefur stefnu í heilsumálum í tengslum við þátttöku skólans í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*, sjá nánar í kafla 2.3.4. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum. Stefnan tekur til sex þátta; næringar, hreyfingar, geðræktar og heilbrigðs lífsstíls. Fyrir hvern þátt er skilgreint markmið og leiðir að því markmiði. Við skólann er forvarnar-teymi og fer forvarnarfulltrúi fyrir starfi þess. Hlutverk teymisins er að skipuleggja forvarnarstarf við skólann. Í forvarnar-teyminu sitja, auk forvarnarfulltrúa, félagslífsfulltrúi, fulltrúi foreldra, fulltrúi nemenda og skólameistari. Í forvarnarstefnu kemur fram að markmið skólans eftirfarandi:

Forvarnir eru hluti af daglegu starfi skólans og fela í sér fræðslu og námskeið fyrir starfsmenn og nemendur og hafa það að markmiði að stuðla að betri líðan og ástundun nemenda, ýta undir jákvæða lífssýn og heilbrigða lífshætti allra hlutadeigandi.

Einnig kemur fram að félagslíf nemenda og viðburðir á vegum skólans skuli einkennast af heilbrigðum lífsháttum og miða að því að efla félagslegan þroska. Áfengi og aðrir vímuefni eru ekki leyfðir, hvorki á skólatíma né á viðburðum eða ferðalögum á vegum skólans.¹⁸

Nemendur, sem rætt var við, sögðu nemendur eiga einn fulltrúa í forvarnar-teymi skólans. Teymið hefur að þeirra sögn reynt að auka forvarnir og hafa nemendur stofnað *Edrúfélag VA*. Áfengismælir sé notaður á viðburðum skólans og mælist ekkert áfengi fari nemdandinn í pott þar sem séu veglegir vinningar eins og símar. Menningarferð á vegum skólans hafi verið áfengislaus s.l. tvö ár. Vímuefnanotkun sé einhver utan skólans, verið sé að taka í vörina og margir eldri nemendur drekki. Foreldrar, sem rætt var við, sögðu foreldra vinna mikið í forvarnarmálum og fulltrúar foreldra fari með í menningarferðir nemenda auk þess sem þeir hafi sótt um styrki fyrir áfengismæli.

Í samburði milli framhaldsskóla í könnun *Rannsóknar og greiningar* árið 2014 kemur fram að hlutfall þeirra nemenda VA sem reykja daglega er 10%, en 7% á landsvísu. Hlutfall nemenda VA sem höfðu orðið ölvaðir s.l. 30 daga er 59%, en landsmeðaltal 45%, 9% höfðu notað hass einu sinni eða oft um ævina (landsmeðaltal 6%), 16% þeirra höfðu notað

¹⁷ Heimasíða VA.

¹⁸ Heimasíða VA.

marijúana en 20% á landsvísu. Að sögn skólameistara hafa nokkrar sveiflur verið á milli ára hjá VA t.d varðandi áfengisneysluna.

2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli

Skólinn í tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Þar er byggt á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðu samhengi og stuðla þannig að auknum árangri og meiri vellíðan í skólasamfélaginu. Skipaður er stýrihópur fyrir hvert þema og í honum eru fulltrúar nemenda og starfsmanna. Breytilegt er hve margir eru í hverjum hópi. Forvarnarfulltrúi heldur utan um starfið. Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið sem flestir framhaldsskólar á landinu taka þátt í, en verkefnið var þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) undir formerkjum HOFF samstarfsins, þ.e heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum. Megináherslur verkefnisins eru á fjögur þemu; *næring*, *hreyfing*, *geðrækt* og *lífsstíll* en miðað er við að eitt viðfangsefni sé tekið fyrir á hverju skólaári. Hafi skólinn uppfyllt víðeigandi lágmarkskröfur öðlast hann bronsviðurkenningu en silfur og gullviðurkenning er í boði fyrir skóla sem uppfylla kröfur umfram lágmarkskröfur.¹⁹ Í viðauka skólasamnings VA og ráðuneytisins kemur fram að markmið skólans sé að ná silfurviðurkenningu í öllum þeim átaksins. Leiðir að markmiðinu sem tilgreindar eru heilsusamlegri hádegisverðir í mótuneyti skólaárið 2012 – 2013 og góð skipulagning og markvissari framkvæmd í þeim, hreyfing 2012 – 2013, geðrækt 2013 – 2014, lífsstíll 2014 – 2015.²⁰ Að sögn skólameistara er reynt að tengja viðfangsefnin áföngum í hreyfingu og sálfræði.

Mötuneyti skólans er í heimavist hans og kom fram almenn ánægja með það hjá þeim sem rætt var við í úttektinni. Í umbótaáætlun skólans er gert ráð fyrir að skoða mótuneytið m.t.t. mannelismarkmiða í tengslum við verkefnið.²¹

2.3.5. Umhverfisstefna

Skólinn hefur umhverfisstefnu sem tekur til allrar starfsemi skólans. Í stefnunni kemur fram að rekstur VA sé og skuli vera eins vistvænn og kostur er og þeim lögum og reglum sem í gildi eru er fylgt eins og kostur er. Efla þurfi skilning nemenda og starfsmanna á umhverfi sínu ásamt því að auka virðingu fyrir náttúru landsins, auðlindum þess, orkunýtingu og endurvinnslu. Fram kemur að umhverfisvernd og umhverfismál séu hluti af námsefni skólans, markvisst hafi verið dregið úr pappírnotkun, rusl sé flokkað, áætlun sé um flokkun pappírs og matarleifa, markvisst hafi verið dregið úr orkunotkun o.fl.²²

¹⁹ Heilsueflandi framhaldsskóli.

²⁰ Heimasíða VA.

²¹ Sjálfsmatsskýrsla 2013 – 2014.

²² Heimasíða VA.

2.3.6. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt

Verkmenntaskóli Austurlands er ríkisrekinn skóli en er að sögn stjórnenda í ágætu samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög, sér í lagi Fjarðabyggð sem er heimasveitarfélag skólans. Samband sveitafélaga á Austurlandi (SSA) tilefnir fulltrúa í skólanefnd. Leiðarljós skólustefnu Fjarðabyggðar eru m.a. faglegur metnaður, hvatningur til náms í samræmi við þroska og áhuga, fjölbættur vinnudagur nemenda, námið sé grunnur að símenntun allt lífið, samhugur, andleg og líkamleg heilsrækt, þverfagleg vinna og virk tengsl við náttúru, atvinnulíf og menningu í sveitarfélaginu.²³

2.4. Húsnæði og aðbúnaður

Skólinn er í 4818 fm² húsnæði. Bókasafn er við skólann (74 fm²) og er það jafnframt lesstofa fyrir 22 einstaklinga. Safnið er tölvuskráð í Gegni. Á heimasíðu skólans kemur fram að *bókasafnið er góðum bókakosti búið og er þar að finna bæði fræðirit og bækur almenns efnis. Bókasafnið er opið á þeim tíma sem skólinn er opinn og kennsla fer fram. Nýlegar breytingar á bókasafninu hafa leitt til þess að nemendur nýta það mun betur til náms.* Skólinn rekur heimavist í Neskaupstað. Á vistinni eru 29 tveggja manna herbergi, hvert með sér baði. Einnig er eitt herbergi sérútbúið fyrir fatlaða og er gott aðgangi að húsinu. Ein lítil íbúð er á vistinni sem ætluð er fjölskyldufólki. Á hverjum herbergisgangi hafa nemendur aðgang að eldhúskrók. Í sameiginlegu rými eru svo setustofa, sjónvarp, tómsundaherbergi og matsalur.²⁴ Að sögn þeirra sem rætt var við í úttektinni fullnægir húsnæði skólans og skólasafn að mestu þörfum skólans. Helst vanti fundarsal og geymsluhúsnæði og laga þurfi loftræstingu í húsnæði verknáms.

2.4.1. Eftirlit úttektaraðila

Vinnueftirlitið gerði takmarkaða úttekt á húsnæði og aðbúnaði skólans í janúar 2014. Úttekt á húsnæðinu leiddi í ljós að þörf er á úrbótum er varðar lýsingu og inniloft. Slökkvilið Fjarðabyggðar tók út brunavarnir skólans 17. nóvember 2014 þar sem gerðar voru athugasemdir við flóttaleiðir úr kaffistofu, vinnuherbergi kennara, bókasafni og tölvuveri og nokkrum kennslustofum. Einnig voru gerðar athugasemdir við eldvarnahurðir og slökkvitæki. Heilbrigðiseftirlit Austurlands framkvæmdi reglubundið eftirlit á mötuneyti skólans 4. september 2014. Í eftirlitsskýrslu er gerð ein athugasemd eða ábending en þar er minnt á að skv. 10. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sé virkt og innra eftirlit í mötuneyti forsenda starfsleyfis en unnið sé að uppsetningu og innleiðingu á slíku kerfi fyrir mötuneytið.

²³ Heimasíða Nesskóla

²⁴ Heimasíða VA.

Einnig var reglubundið eftirlit á skólahúsnæði í mars 2014 en í eftirlitsskýrslu kemur fram að skólinn þurfi að fara í lagfæringar á bóknámshúsi og verknámshúsi s.s. hávaði í loftræstikerfi, leki í lofti, geymsla á efnavörum o.fl. Skólinn hefur að sögn húsvarðar brugðist við og bætt úr eftir því sem hægt hefur verið. Að sögn skólameistara er búið að gera ráðstafanir varðandi leka og geymslu á efnavörum og beðið er álits sérfræðinga frá Fasteignum ríkisins vegna athugasemda um loftræstikerfi. Brugðist hafi verið við flestum þeim athugasemdum sem eru í brunaeftirlitsskýrslu, annað sé í ferli enda skýrslan frá því í nóvember 2014.

2.4.2. Öryggisnefnd skólans

Við skólann er ekki starfrækt öryggisnefnd en öryggistrúnaðarvörður og öryggistrúnaðarmaður funda reglulega með skólameistara.²⁵

2.5. Lög og reglugerðir

Í kjölfar innleiðingar á nýjum lögum og reglugerðum hefur skólinn þurft að efla stöðþjónustu sína að sögn stjórnenda. Haustið 2013 var sérkennari ráðinn við skólann í hált starf (skv. skólasamningi en án aukinna fjárheimilda) og haustið 2014 var starfshlutfall námsráðgjafa hækkað úr 75% starfi í fullt starf. Þessar breytingar hafi m.a. verið gerðar til að uppfylla betur reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum frá febrúar 2012. Einnig hafi starfshlutfall áfangastjóra verið hækkað í 90% 2013-2014 og í 100% 2014-2015 vegna aukins álags vegna vinnu við innleiðingu á nýrri námskrá og gæðavottun. *Ráðning sérkennara og hækkan á stöðuhlutföllum er viðleitni skólans til að vera betur í stakk búinn til að uppfylla lög og reglugerðir. Hins vegar er ljóst að þetta er nokkuð íþyngjandi fyrir fjárhag skólans.*²⁶

2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur að sögn stjórnenda verið gætt mikils aðhalds en þó án þess að þjónusta eða starfsemi sé skorin niður.

2.7. Námsbrautir

Við skólann eru 22 námsbrautir. Hér á eftir verður fjallað nánar um þær eins og þeim er lýst á heimasíðu skólans.²⁷

2.7.1. Uppeldisbrautir

Boðið er upp á nám á þremur uppeldisbrautum, leikskólaliða, stuðningsfulltrúa fyrir grunnskóla og skólaliða. Námsbraut fyrir leikskólaliða býr nemendur undir störf á

²⁵ Gögn frá skóla

²⁶ Gögn frá skóla

²⁷ Heimasíða skóla

leikskólum þar sem þeir starfa við hlið annars faglærðs starfsfólks að umönnun, uppeldi og menntun leikskólabarna. Meðalnámstími er þrjár annir í skóla að meðtalinni níu vikna starfsþjálfun í leikskóla. Námið er alls 59 einingar.

Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum býr nemendur undir störf í grunnskólum þar sem þeir starfa við hlið annars faglærðs starfsfólks að umönnun, uppeldi og menntun grunnskólabarna. Meðalnámstími er þrjár annir í skóla að meðtalinni níu vikna starfsþjálfun í grunnskóla. Námið er alls 53 einingar.

Skólaliðabraut býr nemendur undir störf í grunnskólum, einkum við gangagæslu, umsjón með börnum í útivist og á matmálistímum, þríf, almenn eftirlitsstörf og umsjón með skólahúsnæði. Meðalnámstími er tvær annir í skóla að meðtalinni þriggja vikna starfsþjálfun í grunnskóla. Námið er alls 23 einingar.

2.7.2. Bygginga- og mannvirkjagreinar

Á bygginga- og mannvirkjagreinabraut er boðið upp á grunnám í bygginga- og mannvirkjagreinum og nám í húsasíði. Meginmarkmið grunnnáms er að veita nemendum sýn á atvinnugreinina og störf innan hennar. Lögð er áhersla á kennslu undirstöðuatriða í efnisfræði, áhalda- og tækjafræði, teikningum, verktækni og vinnuvernd. Í lok grunnnámsins eiga nemendur að hafa fengið faglegan grunn til að velja sér iðngrein við hæfi. Námið er 20 einingar.

Húsasmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í húsasmíði er þrjú og hálf ár að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru fjórar annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun hjá iðnmeistara. Meginmarkmið með námi í húsasmíði er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að sinna allri smíðavinnu í bygginga- og mannvirkjagreinum hvort sem er verkstæðis- og innréttingavinna, úti- og innvinna á byggingastað eða viðgerða- og breytingavinna. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs. Námið er 171 eining þar af 72 í starfsþjálfun.

2.7.3. Framhaldsskólabraut

Á framhaldsskólabraut er boðið upp á braut eitt og braut tvö. Framhaldsskólabraut 1 er eitt ár og að því loknu eiga nemendur að vera færir um að hefja nám á einhverri af brautum skólans. Námið er fyrst og fremst ætlað þeim nemendum sem fallið hafa í einum til tveimur áföngum í grunnskóla. Framhaldsskólabraut 2 er tvö ár og inniheldur 60 til 70 einingar eða 15-17 einingar á önn. Henni lýkur með útskrift og svokölluðu framhaldsskólaprófi. Brautin er ætluð þeim nemendum sem að ekki standast námsleg skilyrði inn á aðrar brautir, hafa fallið í tveimur eða fleiri áföngum í grunnskóla eða verið með sérnámsefni. Þeir fá mikinn stuðning og utanumhald.

2.7.4. Hársnyrtiðn

Starfsþjálfun skal hefjast eigi síðar en að lokinni 2. önn. Æskilegt er að nám í skóla og starfsþjálfun á vinnustað skiptist á út námstímann. Verði því við komið skal meginþungi starfsþjálfunar vera á milli 2. og 3. annar og milli 3. og 4. annar. Hársnyrtiðn er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun hjá iðnmeistara. Námið er 169 einingar þar af 72 einingar í starfsþjálfun.

2.7.5. Iðnmeistaránám

Iðnmeistaránámi er í stórum dráttum skipt í tvo hluta, almennan hluta og sérgreinahluta eða fagnám. Almenni hlutinn, sem er sameiginlegur öllum iðngreinum, er kenndur í VA. Hann skiptist í almennar bóklegar greinar og rekstrar- og stjórnunargreinar. Meðalnámstími er þrjár annir. Fagnámið fer fram í móturskólum viðkomandi iðngreina en getur verið í tengslum við VA eftir því sem um semst.

2.7.6. Málmiðngreinar

Boðið er upp á tvær námsbrautir í málmiðngreinum, vélvirkjun og grunnám mál- og véltæknigreina.

Vélvirkjun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi, samtals sex annir í skóla og 60 vikna starfsþjálfun hjá iðnmeistara. Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við viðfangsefni vélvirkja, þ.e. uppbyggingu og viðhald véla, kælikerfa og loftstýringa, bilanaleit og stýringar. Nemandinn á að þekkja umhverfis- og öryggisreglur og á að geta skipulagt vinnu sína í þeirri röð sem hentar best út frá tækni- og hagkvæmnissjónarmiðum og með tilliti til gildandi staðla, reglna og laga. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs og framhaldsnáms á tækni- og rekstrarsviði. Námið er 179 einingar þar af 60 einingar í starfsþjálfun.

Grunndeild málm- og verktæknigreina var fyrst kennd haustið 2013. Námið er tvær annir. Eftir skólaárið geta nemendur valið um mismunandi leiðir eftir áhugasviði, vélvirkjun, bifvélavirkjun (ekki kennd hjá VA) eða vélstjórn/vélvirkjabraut. Námið er 47 einingar.

2.7.7. Rafiðnir

Skólinn býður nám á tveimur brautum, grunnám rafiðna og rafvirkjun. Meginmarkmið grunnnámsins er að veita almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í rafiðngreinum, þ.e. rafeindavirkjun, rafvirkjun og rafvélavirkjun, rafveituvirkjun, símsmíði og kvikmyndasýningarstjórn og er jafnframt skilyrði til innritunar í sérnám þessara greina. Meðalnámstími er fjórar annir í skóla. Námið er 80 einingar.

Rafvirkjun er löggilt iðngrein. Meginmarkmið námsins er að gera nemendum kleift að öðlast þekkingu og færni til að takast á við störf rafvirkja einkum við lagningu raflagna, uppsetningu og tengingu rafbúnaðar, mælingar, eftirlit, viðhald og viðgerðir á rafbúnaði. Meðalnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi rafíðna, þar af eru sex annir í skóla og 48 vikna starfsþjálfun. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs. Námið er 141 einingar þar af 24 í starfsþjálfun.

2.7.8. Sjúkraliðabraut

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun til þess að starfa á sjúkrastofnunum sem löggiltir sjúkraliðar. Meðalnámstími er sex annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun á sjúkrastofnun undir leiðsögn. Starfið er löggilt á grundvelli reglugerðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Námið er 89 einingar.

2.7.9. Starfsbraut

Starfsbraut er námstilboð fyrir nemendur sem hlotið hafa töluverða sér- og stuðningskennslu í grunnskóla vegna m.a. sértækra námsörðugleika, röskunar, skerðingar eða fötlunar. Námsframboð starfsbrautar tekur mið af þörfum og samsetningu nemendahóps hverju sinni. Námstími er yfirleitt átta annir og um er að ræða einstaklingsmiðað nám, verknám, bóknám og vinnustaðanám. Meginmarkmið náms á starfsbraut er að nemendur verði virkir þátttakendur í þjóðfélaginu og sjálfbjarga í daglegu lífi að því marki sem hverjum og einum er mögulegt. Reynt er að koma til móts við þarfir og óskir hvers og eins eftir því sem aðstæður leyfa með einstaklingsmarkmiðum.

2.7.10. Stúdentsbrautir

Tvær stúdentsbrautir eru við skólann, félagsfræði og náttúrufræði. Báðar brautir eru 140 einingar og er meðalnámstími átta annir. Það er stefna framhaldsskólanna á Austurlandi að nemendur þeirra geti stundað nám á öllum kjörsviðum bóknámsbrauta. Ekki geta þó allir skólarnir alltaf boðið upp á alla áfanga kjörsviðanna heldur er ætlunin sú að skólarnir skipti með sér verkum þannig að sum kjörsvið og sumir áfangar kjörsviða verði einungis í boði í einum skóla. Ef kjörsviðsáfangi er ekki í boði í öllum skólunum er nám í honum skipulagt þannig að nemendur annarra skóla geti stundað nám í honum með einhvers konar fjarnámi, þó undir handleiðslu kennara í sínum skóla.

2.7.11. Viðbótarnám við starfsnám til stúdentspróf

Brautin er ætluð fyrir einstaklinga sem hafa lokið skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eða starfsþjálfun. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lokið sveinsprófi. Lengd náms byggir á lengd starfsnám/þjálfunar en er frá 45 – 86 einingar.

2.7.12. Vélstjórnarnám

Í boði eru vélstjórnarbraut B og námskeið um smáskip með vélarafli. Markmið vélstjórnarbrautar B er að veita þeim nemendum, sem ljúka námi, réttindi til að gegna stöðu yfirvélstjóra og 1. vélstjóra á skipum með vélarafli 1500 kW og minna og stöðu undirvélstjóra á skipum með 3000 kW vélarafli og minna. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun. Nemandi, sem kemur beint úr grunnskóla og skráir sig til a.m.k. 1500kW réttinda, öðlast 750kW réttindi eftir fjórar annir miðað við eðlilega námsframvindu. Námið er 126 einingar.

Vélstjórnarnámið *Smáskip með vélarafli* er bóklegt og verklegt námskeið. Verklegi þátturinn felst í almennri vélstjórn og bilanagreiningu og skal tilsvara 16 kennslustundum. Námið veitir réttindi til að vera vélavörður á skipi með 750 kW vél og minni og sem er 12 metrar og styttra að skráningarlengd. Að loknu sjö eininga fagtengdu viðbótarnámi og tilgreindum siglingatíma öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kW vél og minni og sem er 24 metrar og styttra að skráningarlengd.

2.7.13. Fjarnám.

Í VA er boðið upp á fjarnám og er hægt að taka allfesta bóklega áfanga í fjarnámi sem kenndir eru í dagskólanum. Nemendur notast við vefinn www.kennsluvefur.is sem vistar fjarkennslukerfið Moodle. Á kennsluvefnum geta nemendur séð kennsluáætlun áfangans, glærur og verkefni. Þar skila nemendur einnig inn verkefnum.

2.8. Mat úttektaraðila

- Verkmenntaskóli Austurlands leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám ásamt því að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda og að vera í góðum tengslum við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í landshlutanum. Skólinn hefur þá sérstöðu að hann er eini framhaldsskólinn á Austurlandi sem býður upp á verklegt nám.
- Brottfall nemenda hefur verið lítið miðað við sambærilega skóla, á bilinu 2 - 6% en skólinn hefur einnig að markmiði að draga úr brottfalli um 0,2 % á hverju ári frá 2013 – 2015. Að mati úttektaraðila byggir skólinn upp athyglisverð úrræði til að draga enn frekar úr brottfalli: 1. Hertar mætingareglur: Ef nemendur eru veikir lengur en sex daga er þeim vísað til skólahjúkrunarfræðings. 2. Nemendur fá aðvörunarbréf þegar mæting er 92% og þar undir. 3. Verið er að efla umsjónarkennara til þess að geta gripið fljótt inn í aðstæður.

Til samanburðar skoðaði Hagstofa Íslands brottfall úr framhaldsskólum 2002 – 2003 og var það þá 19,3% miðað við öll kennsluform. Í úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2011 kom fram að brottfall þar var árin 2008 – 2011 á bilinu 3,6% - 5,3%, í úttekt á Verkmenntaskólanum á Akureyri sama ár kom fram að brottfall á sama

tímabili var 8,7% - 10,3%. Í úttekt á Fjölbrautaskólanum í Garðabæ árið 2013 kom fram að brottfall þar er um 1 – 2,3% og í úttekt á Menntaskólanum á Tröllaskaga 2014 ár er brottfall á bilinu 1 - 8%.²⁸ Ólíkar skilgreiningar eru til á brottfalli og ætla má að þeir nemendur sem fara frá einum skóla í annan séu taldir til brottfallsnemenda í sumum tilvikum. Þar sem VA hafnar fáum umsækjendum er mikilvægt að skilgreina vel forsendur við útreikninga brottfalls.

- Horfa mætti til þess að nýta kennsluvef enn frekar í forföllum kennara.
- Ekki eru allir kennarar skólans menntaðir á sínu fagsviði né hafa þeir allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Tæplega 14% kennara við skólann eru með meistaraáráðu. Sú sérstaða skólans að hafa þrátt fyrir smæð sína fjölbreytt námsval, gerir það að verkum að í sumum tilfellum kenna kennarar fleiri greinar en þeir eru menntaðir í. Skólinn reynir hins vegar með samstarfi við aðra skóla, t.d. Fjarmenntaskólann.is og atvinnulífið, að uppfylla faglegar kröfur til kennara í framhaldsskóla. Mikilvægt er þó að leita frekari leiða til að fjölga kennurum með full réttindi t.d. með samstarfi við skóla á svæðinu.
- Skólinn hefur skriflegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara sem auk þess fá leiðsagnarkennara.
- Skólinn er með fræðslustefnu en formleg sí- og/eða endurmenntunarstefna/-áætlun er ekki til staðar. Mikilvægt er að unnið verði að henni eins og til stendur. Framboð á endurmenntun kennara virðist að mestu nægjanlegt, m.a. í gegnum fagfélög, en ekki hefur að þeirra mati verið nægileg leiðsögn á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Þar sem munur er á framboði á endurmenntun á landsbyggð og höfuðborgarsvæði er mikilvægt að huga enn frekar að rafrænum leiðum en starfsmenn segjast nýta internetið vel í þessu skyni. Skólinn og starfsmenn eru hvattir til að nýta enn frekar sjóði stéttarfélaganna til sí- og endurmenntunar og skoða frekara samstarf við símenntunarmiðstöðvar og fagfélög.
- Starfsmannasamtöl hafa verið síðastliðin ár fyrir utan haustönn 2012 og vorönn 2013 vegna breytinga á stjórnendum. Nýr skólameistari festir nú regluleg samtöl aftur í sessi. Framkvæmdin hefur gengið vel og starfsmenn verið ánægðir með samtölin.
- Skólinn hefur eineltisstefnu og viðbragðsáætlun, sjá nánar í kafla 6.2.
- Skólinn er með forvarnar- og lýðheilsustefnu og tekur þátt í verkefnum *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Fleiri nemendur skólans reykja og neyta áfengis og hafa notað hass en í öðrum framhaldsskólum, en færri hafa notað marijuna einu sinni eða oftast um ævina. Aðgerðir skólasamfélagsins til að draga úr neyslunni eru til fyrirmyndar.

²⁸ Úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð, Úttekt á Verkmenntaskólanum á Akureyri, Úttekt á Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Úttekt á Menntaskólanum á Tröllaskaga.

- Starfsmenn eru 29 í 21,6 stöðugildum. Starfsmannavelta er lítil og meðalstarfsaldur allra starfsmanna við skólann er 9,29 ár. Kennarar hafa að meðaltali um 10 ára reynslu af kennslu við skólann. Starfsánægjan í VA var árið 2012 3,99, á svonefndu starfhæfu bili en vegna breytinga á stjórnun tók skólinn ekki þátt árið 2013 og 2014 var þátttaka undir þeim mörkum að niðurstöður væru birtar. Í rýnihópum var sú skoðun almenn að starfsánægja hefði aukist síðan 2012 vegna bættra samskipta stjórnenda og starfsmanna.
- Skólinn hefur jafnréttisstefnu og til stendur að vinna framkvæmdaáætlun. Kynjahlutfall starfsmanna er nokkuð jafnt þ.e. 58% konur og 43% karlar. Í allri stjórnun skólans er kynjahlutfall jafnt.
- Húsnæði skólans og skólasafn fullnægja að mestu þörfum skólans. Helst vantar fundarsal og geymsluhúsnæði og laga þarf loftræstingu í húsnæði verknáms.
- Við skólann er ekki starfrækt öryggisnefnd en öryggistrúnaðarvörður og öryggistrúnaðarmaður sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Reglulegt eftirlit slökkviliðs fór fram 2014 og vinnueftirlitið gerði úttekt á húsnæði og búnaði í janúar 2014. Gerðar voru nokkrar athugasemdir sem hefur verið brugðist við eftir því sem hægt hefur verið.
- Í kjölfar efnahagshrunsins hefur verið gætt mikils aðhalds án þess að þjónusta eða starfsemi hafi verið skorin niður. T.d. hefur stoðþjónusta verið eflað s.m.a. vegna innleiðingar á nýjum lögum og reglugerðum.
- Í skólanum eru 22 námsbrautir. 84 áfangar voru í boði á haustönn 2104 þar af 26 í fjarnámi.

3. SKÓLANÁMSKRÁ

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stöð í þeim. Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.²⁹

Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu skólans og hefur komið til umræðu í skólanefnd. Í skólanámskrá er að finna upplýsingar um áætlanir og stefnur, skipurit, nefndir og ráð, skólareglur, námsbrautir, sjálfsmat, skóladagatal, námsmat, félagslíf, erlend samskipti, rýmingaráætlun, viðbrögð við einelti og áföllum og upplýsingar um stöðþjónustu.

3.1. Endurskoðun skólanámskrár

Endurskoðun skólanámskrár út frá nýrri aðalnámskrá er vel á veg komin að sögn stjórnenda. Vinnan hófst vorið 2008 með aðkomu allra starfsmanna og hélt áfram um haustið en ekki komu allir kennarar að endurskoðun almenna hlutans. Sumir voru ósammála áherslum þar og ágreiningur var um greiðslur fyrir þá vinnu. Nemendur hafa ekki komið beint að stefnumótuninni en stjórnendur segja þá geta haft áhrif á námsframboð og tjáð sig í áfangamati. Allir nemendur hafi átt þátt í ákvörðunum um skólasóknarreglur og námsmatsdaga.

Í upphafi skólaársins 2009 - 2010 ákvað ráðuneytið að fresta gildistöku framhaldsskólalaga til hausts 2015 í stað 2011 vegna slæms efnahagsástands í íslensku samfélagi. Við það kom hik á marga skóla. Skólinn vann árið 2009 áfram að stefnumótun og innleiðingu nýrra laga í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði (MÍ), Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum (FV). Samræming iðnbrautanámslýsinga var eitt af markmiðum með starfinu. Breytingar voru gerðar á stokkatöflum skólans til að samræma við tíma hjá samvinnuskólum. Unnið var að almennum hluta skólanámskrárinnar.

Árið 2010 fékk skólinn styrk til að þróa framhaldsskólabraut og var það gert í samvinnu við MÍ og FNV. Einnig var unnið að drögum að brautalýsingu í húsasmíði og málmiðnaði í samvinnu við MÍ og FNV. Árið 2011 var unnið að almennum hluta skólanámskrár VA á

²⁹ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 22.gr.

vorönn og að drögum á nýrri braut fyrir mannvirkja- og byggingargreinar. Ekki fengust viðbrögð við þessum tillögum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða starfsgreinaráði byggingargreina. Á starfsdögum var unnið að gerð nýrra bóknámsbrauta.

Árið 2012 leit tillaga að nýrri framhaldsskólabraut dagsins ljós sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú samþykkt. Unnið var markvisst í ritun almenna hluta skólanámskrár VA og var hún birt á heimasíðunni. Lítið miðaði hins vegar í innleiðingu nýrra laga hvað varðar nýjar námsbrautir m.a. vegna ósættis við KÍ um vinnuframlag kennara.

Árið 2013 var stöðuhlutfall áfangastjóra hækkað úr 80% í 90% með það fyrir augum að vinnan við innleiðinguna yrði markvissari. Á starfsdögum að vori var unnið að gerð nýrra bóknámsbrauta og unnið var að nýjum bóknámsbrautum á vinnufundum. Árið 2014 var unnið áfram að nýjum bóknámsbrautum og komist var að samkomulagi um greiðslur til kennara við gerð nýrra áfanga. Stefnt er að því að senda brautir inn til samþykktar til ráðuneytis í febrúar 2015.³⁰

Að sögn yfirstjórnar á eftir að ljúka við hæfniviðmið, inntökuskilyrði, grunnþætti í bóknámi og áfangalýsingar sem séu þó flestar tilbúnar. Iðnnám strandi nú á ákvörðunum starfsgreinaráða. Skólinn hafi ekki bolmagn til að búa til nýjar brautir nema þær hljóti samþykki viðkomandi starfsgreinaráðs. Starfsgreinaráðin séu ekki í takt við það sem sé að gerast í skólamálum og nýja aðalnámskrá. Ekki sé verið að tala um styttingu náms í iðngrein. Málið sé í pattstöðu. Í hópi kennara kom fram það viðhorf að mennta- og menningarmálaráðuneytið væri alls ekki nógu skýrt með hvað það vilji og þurfi að ákveða hvort stytta eigi iðngreinarnar. Námið hafi verið lengt árið 2006 og flestar greinar séu nú fimm annir ásamt samningi.

3.1.1. Grunnþættir menntunar

Eins og fram kemur í kafla 3.1. hefur ekki verið lokið við útfærslu á grunnþáttum menntunar í skólanámskrá. Grunnþættirnir eru skv. aðalnámskrá lýðræði og mannréttindi jafnrétti, skapandi starf, menntun til sjálfbærni, læsi í víðasta skilningi og heilbrigði og velferð. Grunnþáttum er þó að sögn kennara sinnt að vissu marki í náminu, m.a. í áföngum um kynjafræði, sjálfbærni og umhverfisfræði. Í verknámi sé sérstaklega hugað að sjálfbærni og náttúruvernd.

³⁰ Gögn frá skóla.

3.2. Tengsl skólastiga

Fyrsta hæfniprep framhaldsskólans skarast á við unglíngastig grunnskólans á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniprepi framhaldsskólans er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla.³¹

Fjórða þrepíð felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun³².

Fjallað er um tengsl skólans við aðra skóla í skólanámskrá. Þar kemur fram að skólinn muni hafa frumkvæði að samskiptum við aðliggjandi skólastig í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum til að stuðla að sem mestri samfellu í skólagöngu nemenda. Rík áhersla er lögð á að kynna námsframboð skólans fyrir nemendum grunnskóla á Austurlandi og forráðamönnum þeirra. Einnig er brýnt að starfsfólk grunnskólanna í landshlutanum sé upplýst um eðli skólans og hlutverk. Mikilvægt er að samskipti við háskóla í landinu séu góð svo áherslur í kennslu, námi og námsmati séu í samræmi við það sem þar tíðkast.

Að sögn stjórnenda og kennara hefur samstarf við grunnskóla aukist eftir að verknámsvikan, sem er samstarf skólans við Fjarðabyggð, hófst. Í vikunni eru verknámsgreinar kynntar í 9. bekk grunnskóla í Fjarðabyggð. Þá kenna sumir kennarar skólans einnig í grunnskóla. Skólameistari segir samtal milli kennara mætti þó vera meira sérstaklega í kjarnagreinum og hafði skólinn frumkvæði að því að óska eftir frekara samstarfi þegar hæfniprep aðalnámskrár taka gildi. Grunnskólar í Fjarðabyggð eru með verkefnið *Verklegt er vitið* sem gengur út á að efla list-, verk-, og raungreinánám. Skólameistari er í stýrihópi verkefnisins. Á haustönn 2014 áttu allir 10. bekkingar kost á að velja málm- og vélstjórn, á næstu önn verður það rafvirkjun og trésmíði og þar næst Fab Lab sem skólinn hefur nýverið keypt í samstarfi við atvinnulífið. *Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn smíðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smíðjan gefur ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.*³³ Stefnt er á að útfæra FabLab í skólanámskránni. Smíðjan verður opin fyrir almenning og fyrirtæki og segist skólameistari vona að allir Austfirðir hafi aðgang að FabLabinu.

Skólinn er aðili að *Fjarmenntaskólinn.is* sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið Fjarmenntaskólans er m.a. að *auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu*. Með samstarfinu geta nemendur skólans t.d. stundað nám í áföngum sem skólinn sjálfur getur ekki boðið. Að sögn

³¹ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:48

³² Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:49

³³ Skilgreining Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

stjórnenda og kennara er samstarf sem þetta mikilvægt fyrir lítinn skóla eins og þeirra og efla menntun í landinu.

Samstarf við háskólana er að sögn yfirstjórnar ekki mikið. Fulltrúar Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri hafa komið austur og kynnt skólana og nemendur sótt kynningar þeirra. Þá var samstarf við Háskólann í Reykjavík og Alcoa um að efla náttúrufræðikennslu og samstarf um kynfræðslu læknanema frá HÍ.

3.3. Námsmat

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfangi innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar.³⁴

Í skólanámskrá segir að:

Í upphafi annar fá nemendur kennsluáætlanir afhentar og þar kemur fram hvernig námsmati er háttað í áfanganum. Námsmat getur verið mismunandi á milli áfanga. Lokanámsmat áfanga byggir m.a. á lokaprófi, mætingu, ástundun, verkefnaskilum, skyndiprófum, ritgerðum, sjálfs- og jafningjamati.

Miðannarmat fer fram á hverri önn þar sem kennarar leggja mat á námslega stöðu og ástundun nemenda sem sitja áfanga þeirra. Tilgangur þess er að veita nemendum aðhald og leiðbeiningar við námið. Umsjónarkennarar fara yfir matið með nemendum sínum og láta náms- og starfsráðgjafa vita af þeim nemendum sem koma illa út úr matinu.³⁵ Í skólanámskrá er að finna einkunnaskala frá 1-10 þar sem kemur fram hlutfall þeirra námsmarkmiða sem nemandinn hefur náð.³⁶


Að sögn skólameistara er engin samræmd stefna í námsmati en hefur þó verið rætt um hvort svo ætti að vera. Hans skoðun sé að kennarar séu fagmenn og skoðanir þeirra misjafnar. Í rýnihópi kennara kom fram sama viðhorf og að námsmat sé fjölbreytt enda áfangar mjög ólíkir. Leiðsagnarmat hafi aukist eftir fyrirmynd úr grunnskólanum og einnig lögð aukin áhersla á sjálfsmat nemenda, jafningjamat og mismunandi framsetningu á verkefnum. Í verknámi sé stöðugt leiðsagnarmat. Þá sé haft samráð við aðra framhaldsskóla til að samræma námsmat í ákveðnum námsgreinum. Búið er að fækka prófadögum í skólanum sem eru nú helmingi færri en áður. Verið er að prófa „vinnustofudaga” þar sem mat fer fram og nemendur geta unnið í verkefnum s.s ritgerðum og lært fyrir próf. Dagarnir eru einn á miðri önn og tveir í lok annar. Hjá stjórnendum og kennurum kom fram að sátt er

³⁴ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla 30.gr.

³⁵ Heimasíða VA.

³⁶ Skólanámskrá VA.

um þetta breytta fyrirkomulag sem hefur verið prófað einu sinni. Gerð var könnun meðal kennara og nemenda um vinnustofudaga og voru yfir 90% ánægðir með fyrirkomulagið. Þetta staðfestu nemendur sem rætt var við í rýnihópi. Á vorönn 2014 var bætt inn í áfangamatið spurningum um námsmatsaðferðir. Mynd 1 sýnir svör nemenda um matsaðferðir skólans vorið 2014.³⁷



Mynd 1. Svör nemenda um matsaðferðir skólans vorið 2014.

Í áfangalýsingum á heimasíðu eru almennt hvorki skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá né gerð grein fyrir námsmati. Slíkt er hins vegar að finna í samræmdu formi fyrir kennsluáætlanir. Að sögn skólameistara verður úr þessu bætt haustið 2015 þegar kennsla verður samkvæmt nýjum námsbrautalýsingum.

3.3.1. Árangur og einkunnir

Skólinn hefur ekki sett sér viðmið um árangur utan lágmarkseinkunnar sem er 5. Í töflu 9 má sjá meðaleinkunnir nemenda VA á stúdentsprófi frá 2011 til ársins 2014.³⁸

Tafla 9. Vegin meðaleinkunn nemenda MTR á stúdentsprófi.

Námsbraut	Útskriftarár		
	2011-2012	2012-2013	2013-2014
Bóknám (náttúru- og félagsfræðibraut)	7,54	7,39	7,67
Iðn- og starfsnám	7,87	7,58	7,69

³⁷ Sjálfsmatskýrsla VA skólarið 2013 – 2014.

³⁸ Gögn frá skóla.

Í könnun sem gerð var á gengi nemenda í Háskóla Íslands árið 2012 kom fram að nemendur VA voru í öðru sæti á Hugvísindasviði og áttunda sæti á Félagsvísindasviði en mun neðar á öðrum sviðum.³⁹

3.4. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá er á heimasíðu skólans og þar er að finna ítarlegar upplýsingar. Endurskoðun námskrárinnar hófst 2008 en óvissa um kjaramál og o.fl. töfðu vinnuna en henni var síðan að mestu lokið í tíð afleysingarskólameistara skólaárið 2012 – 2103. Stefnt er að því að kenna skv. nýrri námskrá haustið 2015. Margir hafa komið að endurskoðuninni sbr. lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá. Að mati úttektaraðila mætti þó virkja nemendur enn frekar við útfærslu kennslunnar svo og leita enn frekar til áhugasamra foreldra um ýmsa þætti skólastarfsins.
- Námsmat skólans er fjölbreytt og ákvarða einstakir kennarar fyrirkomulag þess þar sem ekki er til samræmd stefna um námsmat né ákveðin árangursviðmið. Mikilvægt er að í nýrri skólanámskrá verði stefna um námsmat og hvernig m.a. skal fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár.
- Í áfangalýsingum sem eru aðgengilegar á heimasíðu eru almennt hvorki skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá né gerð grein fyrir námsmati. Slíkt er hins vegar að finna í samræmdu formi fyrir kennsluáætlanir. Mikilvægt er að úr þessu verði bætt haustið 2015 þegar kennsla verður samkvæmt nýjum námsbrautalýsingum.
- Athuga þarf hvaða áhrif símat í námsgreinum hefur á áframhaldandi nám nemenda.
- Gerð er grein fyrir grunnþáttum menntunar í áfangalýsingum.
- Samstarf skólans við grunnskóla sveitarfélagsins og svæðisins hefur aukist og ýmsar hugmyndir um að auka það enn frekar.
- Samstarf skólans við Fjarmenntaskólann.is er mikið. Slíkt samstarf eykur möguleika fámennra skóla umtalsvert á að uppfylla aðalnámskrá. Úttektaraðilar velja fyrir sér hvort auka mætti samstarf við aðra framhaldsskóla á svæðinu t.d. með því að nýta kennara beggja skóla svo uppfylla megi betur lög um menntun kennara
- Samstarf við háskóla mætti auka en þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá. Þá er eftirsóknarvert fyrir skólann að kanna afdrif nemenda sinna í framhaldsnámi enn frekar eins og til stendur en góð frammistaða nemenda skólans í ákveðnu háskólanámi vekur athygli.

³⁹ <http://www.visir.is/somu-skolarnir-itrekad-i-efstu-saetunum/article/2012705189983>

4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur skólans er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari og áfangastjóri. Skólameistari er yfirmaður allra starfsmanna skólans og er ábyrgur fyrir innra starfi hans.⁴⁰ Áfangastjóri er staðgengill skólameistara. Núverandi skólameistari hefur stjórnað skólanum frá því 2013 en starfað við skólann frá 2010 sem framhaldsskólakennari en einnig af og til sem stundakennari frá 2003. Áfangastjóri hefur starfað við skólann frá 2007, þar af sjö ár við stjórnun en fyrstu önnina við skólann starfaði hann sem náms- og starfsráðgjafi. Auk þeirra starfa við stjórnun fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar, húsvörður og umsjónarmenn yfir verkstæðum. Í yfirstjórn skólans er einn karl og ein kona en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja í stjórnun einnig jafnt. Yfirstjórn skólans fundar vikulega með fjármálastjóra og skólaritara.

Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* 2012 gefa innsýn í viðhorf starfsmanna til stjórnunar skólans en þátturinn trúverðugleiki stjórnenda mældist með meðaltal upp á 3,49 sem er á aðgerðabili 1,0 til 3,6. Meðaltal allra stofnana var árið 2012 3,83. Skólinn tók ekki þátt í könnuninni 2013 og 2014 var þátttaka undir þeim mörkum að niðurstöður væru birtar, sjá bls.14. Nýr skólameistari hefur tekið til starfa síðan að könnunin 2012 var lögð fyrir. Í rýnihópi starfsmanna og kennara kom fram að stjórnunin væri góð, aðgengi að stjórnendum væri gott og verkaskipting þeirra á milli væri skýr. Stjórnun væri nú formlegri og samráð meira. Fram kom meðal kennara að þörf væri á millistjórnendum innan skólans, s.s. deildarstjóra bóknáms, þar sem mikið liggi á stjórnendum. Yfirstjórn skólans er sammála því og segir þörf á aðstoðarskólameistara. Það viðhorf kom fram í rýnihópi nemenda að ánægja væri með stjórnun skólans. Stjórnendur hefðu gott utanumhald og aðgengi að þeim væri gott.

Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar ársskýrslur skólans frá árinu 2012 til ársins 2013. Í skýrslunni 2013 er fjallað um nemendafjölda, starfsmannafjölda, námsframboð, framkvæmd markmiða, sjálfsmat, afkomu, brottfall, stjórnun og sérstakar áherslur. Þar kemur m.a. fram að öll markmið í skólasamningi komust í framkvæmd nema eitt, brottfall hafi verið 4,6 að meðaltali og að höfuðstóll hafi verið jákvæður í ársbyrjun sem nemur 21.802 millj. og sé áætlaður jákvæður um 19. millj. í árslok.⁴¹

4.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu hans og er þar greint frá ábyrgðaskiptingu myndrænt. Ítarlegri ábyrgðaskipting er tilgreind í starfslýsingum sem aðgengilegar eru í starfsmannahandbók. Að sögn stjórnenda og starfsmanna hentar stjórnskipulag skólans

⁴⁰ Reglugerð um starfslöð og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007

⁴¹ Ársskýrsla VA 2013.

stærð hans og verkefnum en þörf sé á auka stöðugildi stjórnenda. Í rýnihópum kom fram að ábyrgð stjórnenda og verkaskipting þeirra væri skýr. Verkferlar væri almennt skýrir svo og farvegur um agamál.

4.1.1. Skólaráð

Skólaráð er við skólann. Ráðið skipa skólameistari og áfangastjóri, tveir fulltrúar kennara kosnir á aðalfundi kennarafélagsins í október 2014 og tveir fulltrúar nemenda kosnir af nemendafélaginu í september 2014.

Hlutverk skólaráðs er að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans, fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað og fjalla um mál sem varða einstaka nemendur og er farið með þau sem trúnaðarmál.⁴² Fundargerðir ráðsins eru ekki á heimasíðu skólans en skv. þeim þá hefur ráðið komið saman þrisvar sinnum á vorönn 2014. Á þeim fundum var m.a. rætt um skólasóknarreglur, skóladagatal, námsmatsdaga o.fl.⁴³ Hjá yfirstjórn kom fram að nemendur hafi verið virkir í skólaráði og haft miklar skoðanir sem hafi haft áhrif á niðurstöður. Ráðið hafi fjallað um eitt málefni á önn en nú sé verið að skoða skólareglur.

Á fundi með fulltrúum ráðsins kom fram að ráðið sé í mótun en það hafi ekki verið virkt undanfarin ár en fengið formlegra hlutverk s.l. tvö ár. Af þeirri ástæðu hafi ekki verið lögð fyrir ráðið skólanámskrá, innra mat né hafi ráðið farið yfir húsnæðismál skólans. Áætlanir séu þó um að virkja ráðið enn frekar. Ráðið hefur sett sér fasta fundartíma tvisvar á hverri önn, fundir eru boðaðir með dagskrá og áhugi sé á að fá fulltrúa foreldra inn í ráðið.

4.1.2. Skólanefnd

Skólanefnd er við skólann og er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa fimm fulltrúar. Þrír fulltrúar eru búsettir í sveitarfélaginu og valdir án tilnefningar. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af Sambandi sveitafélaga á Austurlandi (SSA). Varamenn skólanefndar eru valdir með sama hætti. Einnig sitja tveir fulltrúar í nefndinni sem áheyrnarfulltrúar til eins árs í senn, fulltrúi kennara tilnefndur af kennurum og fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélagi skólans og fulltrúi tilnefndur af foreldrafélagi. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn og stýrir skólameistari kjöri hans á fyrsta fundi hvers árs.⁴⁴ Núverandi skólanefnd var skipuð í maí 2013.

Hlutverk skólanefndar er að „marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og

⁴² Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997: 2.gr.

⁴³ Gögn frá skóla.

⁴⁴ Reglugerð um skólanefndir framhaldsskóla nr. 132/1997

menningarlíf, vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla, staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar, veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar, vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr., vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir, vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál, veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.”⁴⁵. Samkvæmt fundargerðum nefndarinnar hefur hún m.a. verið fjallað um viðburði á vegum skólans, starfsmannamál, fjármál, innleiðingu laga og reglugerða, stofnanasamning, hlutverk ráðsins, brotthvarf, nemendaígildi o.fl.⁴⁶

Hjá yfirstjórn kom fram að skólanefndin sé virk í stefnumótun skólans og formaður hennar hafi komið að verkefninu FabLab. Einnig sé nefndin vel upplýst m.a. um innra mat en hún hafi ekki lagt til neinar breytingar. Á fundi með fulltrúum skólanefndar kom fram að nefndin hefði væri virk, samstarf við skólastjórnendur væri gott og væru þeir vel upplýstir um skólastarfið. Nefndin hafi t.d. tekið fyrir ákveðna þætti í nýrri skólanámskrá og „þannig tilbúin að fara yfir hana þegar hún tekur gildi og staðfesta hana í vor eða haust 2015.” Einnig hefur nefndin skilað ummælum um umsækjendur um stöðu skólameistara.

4.2. Ákvarðanataka

Kennarar og nemendur hafa formlega aðkomu að stjórnun skólans í gegnum skólarád. Nemendur, þá sérstaklega nemendarád, hefur haft greiða leið að stjórnendum og fengið að koma að málum. Nemendur geta haft áhrif á námsframboð í gegnum áfangamat, kannanir og komið skoðunum sínum á framfæri á opnum skólafundum. Fram kom í rýnihópum þeirra að almennt væri góður aðgangur að stjórnendum og stjórnun skilvirk.

4.3. Nemendafélag

Við skólann er starfrækt nemendafélag, NIVA. Nemendafélag framhaldsskóla skal m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.⁴⁷ Fulltrúar félagsins eru valdir með kosningu en stjórn þess skipa formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari, tveir skemmtanastjórar, tveir hringjarar, tæknitröll, prentari og tengiliður nýnema. Starf félagsins felur m.a. í sér að skipuleggja félagsstarf nemenda (sjá nánar í kafla 6.3) Að sögn nemenda og kennara er virkni nemendafélagsins góð. Félagið hafi byrjað að nýta sér samfélagsmiðla til að ná betur til nemenda s.s. *Facebook* og *Snapchat* og auka mætingu á viðburði. Gengið hafi vel með vissa viðburði líkt og *Gettu betur*.

⁴⁵ Lög nr. 90/2008 um framhaldsskóla

⁴⁶ Gögn frá skóla.

⁴⁷ Lög nr. 92/2008, 39. gr.

4.4. Mat úttektaraðila

- Í könnuninni *Stofnun ársins 2012* mældist þátturinn trúverðugleiki stjórnenda á aðgerðabili (<3,7). Skólinn tók ekki þátt í könnuninni 2013 og 2014 var þátttaka undir þeim mörkum að niðurstöður væru birtar. Í rýnihópi starfsmanna og kennara kom fram að stjórnunin hefði batnað, aðgengi að stjórnendum væri gott og verkaskipting þeirra á milli væri skýr. Stjórnun væri nú formlegri, samráð meira og verkaskipting stjórnenda skýr.
- Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu hans en þar er greint frá ábyrgðarskiptingu sem er enn ítarlegri í starfslýsingum. Skipuritið virðist henta stærð skólans og verkefnum hans að mestu leyti og en úttektaraðilar taka undir það sjónarmið starfsmanna að fjölga mætti stjórnendum, annaðhvort með deildarstjórum eða aðstoðarskólameistara. Mikið vinnuálag er á stjórnendum, þar sem sambærileg verkefni þarf að inna af hendi við litla skóla jafnt sem stóra.
- Ýmis gögn sem varða stjórnun skólans eru aðgengileg á vef hans sem er almennt auðveldur í notkun og vel uppsettur.
- Í allri stjórnun skólans er jafn kynjahlutfall.
- Skólanefnd hefur verið virk, heldur reglulega fundi, er m.a. samráðsaðili skólameistara, vel upplýst um skólastarfið og hefur aðkomu að ýmsum málum.
- Skólaráð er enn í mótun og hefur fengið formlegra hlutverk s.l. tvö ár. Áætlanir eru um að virkja ráðið enn frekar sbr. hlutverk þess og áhugi er á að fá fulltrúa foreldra inn í ráðið. Mikilvægt er að skólaráð gegni hlutverki sínu lögum samkvæmt en þannig ættu nemendur að koma meira að stjórnun skólans.
- Verkferlar eru almennt skýrir svo og farvegur um agamál.
- Nemendafélag skólans er virkt og hefur m.a. tekið samfélagsmiðla enn frekar í sína þjónustu til að ná betur til nemenda.
- Rekstur skólans árið 2013 var hallalaus og höfuðstóll jákvæður.
- Skýrt kom fram hjá skólanefnd og almennt í úttektinni hversu mikilvægur skólinn er samfélögunum sem hann tengist og styrkir sjálfsmýnd þeirra. Skólinn hefur laðað að menntað fólk, hækkað menntunarstig í samfélaginu og hefur tekist afar vel upp með samstarf við atvinnulíf og einstaklinga á svæðinu. Þá sparar skóli í heimabyggð fjölskyldum mikil fjárútlát.

5. NÁM OG KENNSLA

5.1. Fjölbreytni

Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni.⁴⁸

Námsframboð skólans er bæði skv. nýrri skólanámskrá, í samræmi við lög frá 2008 og aðalnámskrá 2011, svo og eldri námskrá. Að sögn skólameistara munu allir nýnemar hefja nám samkvæmt nýju námsframboði haustið 2015. Fjöldi áfanga sem í boði voru haustið 2014 var 83 þar af 40 í fjarnámi. Vorið 2014 voru í boði 84 áfangar þar af 26 í fjarnámi. Í skólanum er dagskóli, kvöldskóli og fjarnám. Fram kom á fundum og í rýnihópum að námsval væri fjölbreytt.

5.2. Kennsluhættir


Í stefnu VA er vikið að ýmsum þáttum er varða nám og kennslu m.a. fjölbreytni, jöfn tækifæri og ábyrgð nemenda, gæði kennslu og náms, tengsl við önnur skólastig og mat. Sjá nánar í kafla 2.3. Í áfangamati nemenda og annarmati kennara á vorönn 2014 voru nemendur og kennarar spurðir út í kennsluaðferðir. Flestir nemendur og kennarar nefndu að helstu aðferðir væru einstaklingsvinna, umræður, hóp- eða paravinna og fyrirlestrar kennara en minnst væri um forrit, vettvangsferðir og nemendafyrirlestra. Mynd 2 sýnir niðurstöður úr könnuninni.⁴⁹ Fram kom hjá yfirstjórn, kennurum og í rýnihópi nemenda að kennsluhættir væru fjölbreyttir en að hve miklu leiti væri misjafnt eftir áföngum og kennurum. Kennarar nýttu í auknu mæli upplýsingatækni við kennslu s.s. varðandi vendinám, sums staðar væru notaðir *Facebook* hópar, verkefni væru fjölbreytt og að lokaprófum hafi fækkað. Kennarar benda á að VA sé eini framhaldsskólinn sem kenni ART samtalsstækni.

Verið er að taka upp samræmdar kennsluáætlanir samkvæmt ISO staðli að fyrirmynd VMA og Tækniskólans. Þar eru markmið um árangur, þ.e. þekkingu, leikni og hæfni skv. aðalnámskrá.⁵⁰ Að sögn skólameistara hefur það gengið vel og kennarar tileinkað sér þessa þætti. Einstaklingsáætlanir eru gerðar á starfsbraut að sögn yfirstjórnar og deildarstjóra brautarinnar. Engin stefna sé um heimavinnu en leitað hafi verið leiða s.s. sameiginlegt dagatal svo hægt sé að dreifa vinnu nemenda meira. Nemendur, sem rætt var við, sögðu þörf á að dreifa álagi á nemendur í heimanámi og verkefnaskilum en það hafi að þeirra mati verið jákvæð þróun að fækka prófum og stuðla að dreifðara mati.

⁴⁸ Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:29

⁴⁹ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014

⁵⁰ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.



Mynd 2. Kennsluaðferðir í VA vorið 2014.

Í sjálfsmatsskýrslu 2013 – 2014 kemur fram að uppsetning á kennsluvef sé mismunandi hjá kennurum og að sumir nemendur noti alls ekki vefinn og geti því misst af miklu í áfanganum. Brýna þurfi fyrir kennurum að fara vel yfir kennsluvefinn með nemendum.⁵¹

5.2.1. Jafnréttiskennsla

Fram kom í rýnihópi nemenda og hjá kennurum að jafnrétti væri rætt í áföngum skólans s.s. í kynjafræði, félagsfræði, sögu, siðfræði, lífsleikni og uppeldisfræði.

5.3. Lýðræði

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans...Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.⁵²

Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna og kennara að skólastarfinu er formleg í gegnum setu í skólanefnd og skólaráði. Einnig eru reglulegir starfsmannafundir og opnir skólafundir þar sem nemendur geta komið skoðunum sínum á framfæri. Foreldrar eiga sinn vettvang í gegnum foreldraráð, forvarnarráð, *Heilsueflandi skóla* og áhugi er á að fá fulltrúa foreldra í skólaráð. Að sögn yfirstjórnar geta nemendur haft áhrif á námsframboð skólans í áfangamati. Nemendur hafi komið að gerð skólasóknarregla og skipulagi námsmatsdaga. Nemendaráð hafi einnig fengið það verkefni að laga nemendaaðstöðu í skólanum. Jafnframt bendir

⁵¹ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

⁵² Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:14

yfirstjórn á að nemendur hafi greiðan aðgang að stjórnendum. Fram kom í rýnihópi starfsmanna að stjórnendur leituðu ávallt álits starfsmanna áður en endanleg ákvörðun væri tekin um málefni sem tilheyra þeim.

5.4. Þróunarverkefni

Skólinn hefur tekið þátt ýmsum þróunarverkefnum. Samkvæmt yfirstjórn hefur skólanum almennt gengið vel að festa áhrif þróunarverkefna í sessi. VA hefur tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum þegar þau falla að stefnu skólans, einstökum áföngum eða nemendahópum. Verkefnin eru fjármögnuð af Leonardo og Comenius áætlunum. Samstarfsskólar hafa verið í Svíþjóð og Þýskalandi.⁵³ Á haustdögum 2013 lauk skólinn þróunarverkefni við *Max Plankt Gymnasium* í Trier í Þýskalandi. Verkefnið stóð yfir í tvö ár og bar heitið *Landbúnaður á krossgötum*. Önnur samstarfsverkefni eru:⁵⁴

- Samstarf við Austurbrú og HR um notkun styrks frá Alcoa Fjarðaráli til eflingar verk- og tæknimenntunar
- Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar, nýsköpunaráfanga og vélfræði fyrir vélamenn.
- Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku.
- Fjarmenntaskólinn. Samvinna við aðra framhaldsskóla um námsframboð í fjarnámi.
- Samstarf við Borgarholtsskóla um þróun á framhaldsnámi fyrir leikskólaliða.
- Samstarf við Tækniskólann, Iðnskólann í Hafnarfirði, FNV, MÍ, VMA og FS um gerð námsbrautar í hársnyrtið.
- Samstarf við MÍ og FNV til að vinna sameiginlega að gerð námsbrauta í vélvirkjun sem tekur tillit til samkeyrslu við vélstjórnarbraut B – stigs.

5.5. Mat úttektaraðila

- Námsframboð skólans er bæði skv. nýrri skólanámskrá svo og eldri námskrá en allir nýnemar hefja nám samkvæmt nýju námsframboði haustið 2015. Í stefnu VA er vikið að ýmsum þáttum er varða nám og kennslu m.a. fjölbreytni, jöfn tækifæri og ábyrgð nemenda, gæði kennslu og náms, tengsl við önnur skólastig og mat. Helstu aðferðir í náminu eru einstaklingsvinna, umræður, hóp- eða paravinna og fyrirlestrar og upplýsingatækni nýtt í auknu mæli. Þá er VA eini framhaldsskólinn sem kenni ART samtaltækni. Verið er að taka upp samræmdar kennsluáætlanir samkvæmt ISO staðli að fyrirmynd VMA og Tækniskólans en í úttekt á VMA 2011 kemur fram að slík stöðlun hefur gefist vel.⁵⁵ Að mati úttektaraðila er framboð skólans mjög fjölbreytt og margar leiðir nýttar í því skyni.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar á starfsbraut.

⁵⁰ Gögn frá skóla.

⁵⁴ Ársskýrsla VA 2013.

⁵⁵ Úttekt á Verkmenntaskólanum á Akureyri 2011.

- Engin formleg stefna er um heimavinnu en leitað er leiða til að dreifa álagi á nemendur í heimanámi og verkefnaskilum og prófum hefur verið fækkað. Í nýrri aðalnámskrá reiknast vinna nemenda í námseiningum sem gerir kröfu um skipulega vinnu nemenda, í vinnustundum eða heima. Má í þessu skyni benda á fyrirkomulag í Menntaskólanum á Tröllaskaga sem hefur reynst vel.⁵⁶
- Í framkvæmdaáætlun jafnréttis sem stendur til að vinna er æskilegt að fram komi með hvaða hætti skal fjalla um jafnrétti í áföngum skólans.
- Lýðræðisleg aðkoma starfsmanna og nemenda að skólastarfinu er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd, og í skólaráði frá hausti 2014. Skólafundir eru haldnir reglulega. Foreldrar eiga sinn vettvang í gegnum foreldrafélag og eiga áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.
- Skólinn hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og fjölmörgum þróunarverkefnum á síðustu árum, sem flest hafa skilað sér í námið.

⁵⁶ Úttekt á Menntaskólanum á Tröllaskaga 2014.

6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Í sýn og markmiðum skólans í tengslum við starfsanda og mannaúð segir að *jákvæður starfsandi er mikilvægur þáttur mannlífsins innan Verkmenntaskóla Austurlands. Öll samskipti fólks einkennast af tillitssemi og gagnkvæmri virðingu. Mikilvægt er að hlúa að þeim mannaúði sem fyrirfinnst í skólanum með því að leggja áherslu á velferð, vellíðan og heilbrigði allra. Aðalsmerkið er að allir fái að nýta sína hæfileika eins og frekast er kostur og öllum séu ljósar þær reglur sem ber að fylgja. Þá er áhersla lögð á lýðræðisleg vinnubrögð þegar teknar eru ákvarðanir um þá þætti sem áhrif hafa á skólabraginn. Haft er í huga að gott starfsumhverfi dregur úr álagi og streitu og eykur almennt starfsánægju. Ennfremur kemur fram hvernig skólinn metur einstaka þætti er varða starfsanda og mannaúð.⁵⁷*

Fram kom á fundum og í rýnihópum að skólabragur væri heimilislegur og einkennist af fjölbreytileika, gagnkvæmri virðingu og nánd. Undanfarin ár hafa ekki verið lagðar fyrir starfsfólk kannanir er lúta sérstaklega að skólabrag og samskiptum, að undanskildri könnun um viðhorf til verkfalls kennara vorið 2014. Skólameistari segir að skólabragur hafi verið umræðuefnið á skólafundi á haustönn 2014 en á þann fund voru allir nemendur og starfsmenn boðaðir. Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2012-2013 kemur fram að í áfangamati sem lagt var fyrir nemendur hafi 75% svarenda tilgreint að þeim finnist skólabragur VA vera mjög jákvæður eða jákvæður.⁵⁸

6.1. Líðan nemenda

Í áfangamati skólaárið 2012-2013 voru nemendur spurðir út í líðan. Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir það skólaár kemur fram að 88% svarenda tilgreina að þeim líði mjög vel eða vel í skólanum og 2% að þeim líði mjög illa. 21% svarenda telur sig glíma við kvíða, depurð, þunglyndi eða önnur geðræn vandamál. Einnig kemur þar fram að þörf sé á að endurtaka könnun meðal nemenda þar sem einhverjir nemendur voru að meta fleiri en einn áfanga og því svarað spurningum er lúta að líðan oftast en einu sinni.⁵⁹

Í könnuninni *Betri líðan á vegum Rannsóknar og greiningar* sem gerð var árið 2014 meðal framhaldsskólanemenda kom fram að 89,5% þátttakenda í VA töldu að það eigi mjög eða nokkuð vel við sig að þau séu hamingjusöm. Sömuleiðis sögðu 91,5% það eiga vel við sig að þau séu ánægð með lífið en 79,5% töldu það eiga vel við sig að vera sterk og hraust. Stelpur töldu sig almennt ánægðari með lífið og hamingjusamar en strákar að þeir væru sterkir og hraustir. Fleiri strákum í VA líður illa í skólanum miðað við alla skóla, eða 9%, en landsmeðaltal er 6%. Hlutfall stráka sem telja námið of létt er 15% en 10% í öllum skólum.

⁵⁷ Heimasíða VA.

⁵⁸ Sjálfsmatsskýrsla vor 2013

⁵⁹ Sjálfsmatsskýrsla vor 2013

29% stráka telja námið of þungt (landsmeðaltal 18%). 27% stelpna telja námið of þungt en 23% í öðrum skólum.⁶⁰ Yfirlit yfir helstu þætti sem tengdir eru líðan nemanda má sjá í töflu 10. Þar kemur fram munur á afstöðu kynja til námsins.

Tafla 10. Niðurstöður rannsóknar Rannsóknar og greiningar á líðan nemenda við VA 2014.

Þáttur	Strákar	Stelpur
Tilhneiging til þunglyndis		
Niðurdregin eða döpur	3%	12%
Framtíðin vonlaus	6%	3%
Viðhorf og vandi í námi		
Námið tilgangslaust	9%	0%
Legg ekki nægilega rækt við námið	32%	21%
Leiðist námið	24%	12%
Líður illa í skólanum	9%	3%
Námið of létt	15%	0%
Námið of þungt	29%	27%

Kennarar, sem rætt var við, sögðu að nemendum liði almennt vel í skólanum. Þessu voru nemendur í rýnihópi sammála og bæta við að tillit sé tekið til fjölbreytileika meðal einstaklinga og upplýsingaflæði sé gott.

6.2. Einelti og agamál

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum, sjá nánar kafla 2.3.1. Einnig eru skólareglur aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólinn hefur ekki lagt fyrir almenna könnun í tengslum við líðan nemenda né starfsmanna vegna eineltis. Í áfangamati eru spurningar um almenna líðan nemenda. Á fundi með kennurum og í rýnihópi starfsmanna kom fram að skólareglur væru skýrar varðandi eineltis- og agamál og þeim fylgt eftir. Ennfremur kom fram að skólameistari taki fljótt á agamálum og lítið hafi verið um einelti í skólanum. Þessu voru nemendur, sem rætt var við, sammála.

6.3. Félags- og tómstundastarf

Skólinn stendur ekki fyrir félags- og tómstundastarfi. Nemendaráð VA, skipuleggur félags- og tómstundastarfið með stuðningi félagslífsfulltrúa. Félagslíf skólans byggir á fjórum megin stöðum: Nemendaráð, klúbbar, listaakademía (áfangi) og íþróttakademía (áfangi). Helstu viðburðir nemendaráðs eru móttaka nýnema, menningarferð, dansleikir, þátttaka í *Gettu betur*, árshátíð o.fl. Lista- og íþróttakademía eru þriggja eininga áfangar sem fela í sér framkvæmd og skipulagningu á viðburðum s.s. leiksýningu, íþróttadagar o.fl.⁶¹ Líkt og fram hefur komið hefur þátttaka nemenda í félags- og tómstundastarfi verið misjöfn. Betri þátttaka hefur verið á ákveðna viðburði s.s. *Gettu betur*. Stjórn nemendafélagsins hefur í viðleitni við að ná til fleiri nemenda aukið sýnileika félagsins á samfélagsmiðlum.

⁶⁰ Rannsókn og greining - Betri líðan 2014.

⁶¹ Heimasíða VA.

6.4. Jafnrétti meðal nemenda

Skólinn vinnur nú að endurskoðun jafnréttisstefnu, sjá nánar kafla 2.3.2. Skólinn hefur sett sér verklagsreglur við móttöku nýbúa og eru þær aðgengilegar á vef skólans. Nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur staðið til boða að stunda nám í íslensku fyrir útlendinga ásamt því að móðurmál hefur verið metið í stað Norðurlandamáls.⁶² Einnig hefur skólinn sett sér siðareglur sem aðgengilegar eru á heimasíðu hans. Í reglunum er m.a. minnst á að hafa skuli jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi.⁶³

Konur eru fleiri á félags- og náttúrufræðibraut, sjúkraliðabraut, viðbótanámi til stúdentsprófs og námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum, skólaliða og stuðningsfulltrúa. Karlar eru í meirhluta á flestum iðnbrautum (sjá töflu 11). Skólinn hefur, að sögn yfirstjórnar, ekki sérstök markmið til að hafa áhrif á val nemenda annað en öllum nemendum í 10. bekk grunnskóla er boðið upp á kynningu á iðngreinum í verknámsviku, en hún felur í sér að nemendur velja sér tvær iðngreinar og stunda nám í hvorri grein fyrir sig í tvo daga. Undirmarkmið eru að stúlkur fari í karllægar greinar og strákar fari í kvenlægar greinar og þurfa kynin að velja tvær greinar. Að sögn kennara er jafnrétti rætt í áföngum. Einnig sé stuðlað að jafnrétti meðal nemenda með stöðu jafnréttisfulltrúa og með starfi jafnréttisnefndar.

Tafla 11. Kynjaskipting nemenda eftir námsbrautum.⁶⁴

Braut	Vorönn 2014			Haustönn 2014		
	KVK	KK	samtals	KVK	KK	samtals
Án brauta	17	9	26	19	8	27
Félagsfræðibraut	31	23	54	26	24	50
Framhaldsskólabraut	0	12	12	2	4	6
Grunndeild málm- og véltæknigreina	1	18	19	4	10	14
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	0	0	0	0	6	6
Grunnnám rafíðna	0	14	14	2	18	20
Hársnyrtiðn	0	0	0	0	0	0
Húsasmíði	2	13	15	1	5	6
Iðnmeistaránám	1	2	3	4	4	8

⁶² Skólasamningur VA.

⁶³ Heimasíða VA.

⁶⁴ Gögn frá skóla.

		Vorönn 2014				Haustönn 2014	
Námsbraut leiðbeinendur leikskólum	fyrir í	10	0	10	7	0	7
Námsbraut skólaliða	fyrir	1	0	1	2	0	2
Námsbraut stuðningsfulltrúa	fyrir	7	0	7	17	0	17
Náttúrufræðibraut		16	11	27	16	8	24
Rafvirkjun		1	5	6	0	0	0
Sjúkraliðabraut		24	1	25	26	3	29
Starfsbraut		3	5	8	3	7	10
Vélstjórn/vélvirkjun		0	0	0	1	8	9
Vélvirkjun		0	0	0	0	5	5
Viðbótarnám stúdentsprófs	til	2	0	2	4	1	5

6.5. Náms- og starfsráðgjöf

Við skólann starfar tveir náms- og starfsráðgjafar í samtals 100% starfshlutfalli, báðir með fullgild réttindi til starfsins. Þjónustan er ætluð bæði nemendum og forráðamönnum þeirra. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa skólans er að veita stoðþjónustu til þess að meginmarkmið skólans náist.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafar skólans eru:⁶⁵

- Áhugakannanir
- Námsækni
- Námsferfiðleikar
- Persónulega vandamál
- Upplýsingar um nám og störf

Einnig er starfandi við skólann sérkennari en starf hans hefur skörun við störf náms- og starfsráðgjafa að þeirra sögn. Í sjálfsmatsskýrslu skólans 2013-2014 kemur fram að á hverri önn sé leitað oftast en 200 sinnum til náms- og starfsráðgjafa, en þó leiti sumir oftast en einu sinni til þeirra. Þar kemur fram að flest þeirra viðtala sem ráðgjafar eiga við nemendur

⁶⁵ Heimasíða VA.

tengist persónulegum erfiðleikum nemenda s.s. kvíða og þunglyndi, þar á eftir komi bein námsráðgjöf, aðstoð við að vinna úr námserfiðleikum, námsval (óvissan um námsstefnu, villuráfandi) og áhugasviðskannanir. Á vorönn 2014 voru 38 nemendur á skrá sem höfðu lagt fram greiningu um námsörðugleika, þar af 17 með dyslexiu. Náms- og starfsráðgjöf skólans hefur staðið fyrir ýmsum námskeiðum s.s. prófkvíðanámskeiði og HAM námskeiði sem felst í því að nýta sér hugræna atferlismeðferð til hagsbóta. Einnig hefur náms- og starfsráðgjafi komið að kennslu í náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur framhaldsskólabrautar. Þá er samstarf við umsjónarmann starfsbrautar vegna nemenda sem þar stunda nám.⁶⁶ Á fundi með sérkennara og náms- og starfsráðgjöfum kom fram að þeir taka um 280 viðtöl við nemendur á hverri önn og reynt sé að halda vel utan um nemendur og beita snemmtækri íhlutun s.s. varðandi mætingar. Einnig séu reglulega svokallaðir skjólfundir um málefni einstakra nemenda en þá fundi sitja skólameistari, áfangastjóri, umsjónarkennari og náms- og starfsráðgjafi. Þeir segja að ein helsta ástæða að baki brottfalli nemenda úr skóla sé andleg vanlíðan eða vandamál nemenda og því sé þörf á sálfræðingi við skólann en nú þegar sé biðlisti til að hitta sálfræðing á heilsugæslu svæðisins.

6.6. Forvarnar- og áfallaráð

Við skólann er forvarnarteymi, sjá nánar kafla 2.3.3. Skólinn hefur áfallaáætlun og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Áfallateymi skipa skólameistari, áfangastjóri, náms- og starfsráðgjafi og tveir kennarar og er ráðið í samstarfi við umsjónarkennara, skólahjúkrunarfræðing, fulltrúa nemendafélags, lögreglu, forvarnarfulltrúa annarra skóla og fagaðila eins og lækna, sálfræðinga, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Áfallateymi er ætlað að veita nemendum aðstoð hafi þeir orðið fyrir áföllum innan skólans eða í einkalífi. Ráðið kemur saman eftir þörfum.⁶⁷ Skólinn hefur rýmingaráætlun sem einnig er aðgengileg á heimasíðu skólans.⁶⁸

6.7. Mat úttektaraðila

- Starfsandi í skólanum er almennt góður og einkennist m.a. af fjölbreytileika, gagnkvæmri virðingu og nánd. Nemendum virðist almennt líða vel í skólanum en í áfangamati skólaárið 2012 - 2013 kemur fram að 88% nemenda tilgreina að þeim líði þar mjög vel eða vel. Könnunin *Betri líðan* á vegum *Rannsóknar og greiningar* árið 2014 sýnir sambærilegar niðurstöður sem endurspegluðust einnig í viðhorfum þeirra sem rætt var við í úttektinni. Í könnuninni kemur hins vegar fram að fleiri strákum í VA líður illa í skólanum og leiðist námið og fleiri strákum finnst námið of létt miðað við aðra skóla.

⁶⁶ Sjálfsmatsskýrsla VA 2013-2014.

⁶⁷ Heimasíða VA.

⁶⁸ Heimasíða VA.

Rýna þarf betur í líðan strákanna og af hverju svo mörgum þeirra finnst námið of létt þar sem flestir nemendur sem sækja um skólann eru teknir inn.

- Í áðurnefndu áfangamati segja 75% nemenda að þeim finnist skólabragur VA vera mjög jákvæður eða jákvæður. Að mati úttektaraðila ætti þetta hlutfall að vera hærra. Til þess að styrkja skólabrag enn frekar er mikilvægt að aðkoma nemenda verði enn meiri að ýmsum málum sbr. lög um framhaldsskóla og grunnþætti menntunar sbr. aðalnámskrá. Sama áfangamat sýnir hátt hlutfall (21%) nemenda sem telur sig glíma við kvíða, depurð, þunglyndi eða önnur geðræn vandamál en skólinn leitast nú við að koma til móts við þessa nemendur með ýmsum hætti.
- Einelti virðist lítið í skólanum. Vegna smæðar skólans skapast mikil samheldni meðal nemenda og starfsmanna og því auðveldara að greina eineltis- og agamál fyrr en ella. Tekið er á agamálum með kerfisbundnum hætti skv. ákveðnu verklagi. Mikilvægt er þó að reglulega séu lagðar fyrir kannanir um einelti.
- Skólinn vinnur nú að endurskoðun jafnréttisstefnu, sjá nánar kafla 2.3.2. og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið. Skólinn hefur ekki sérstök markmið til að hafa áhrif á val nemenda og þótt ýmislegt hafi verið gert má telja að aðgerðir í þá veru séu æskilegar m.t.t. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, 23. gr.
- Náms- og starfsráðgjöf við skólann er vel sinnt. Úttektaraðilar telja að náms- og starfsráðgjafar hafi í mörg horn að líta en hafi þarfir einstaklingsins í huga í starfi sínu sem er skv. stefnu skólans.
- Við skólann er virkt forvarnarteymi sem leitast við að bæta forvarnir og efna til forvarnarmálþings á hverju ári. Þá vekur athygli að nemendur hafa stofnað svokallað „edrúfélag.“ Reglur um tóbaksnotkunn eru stífar.
- Áfallaáætlun er til staðar og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

7. INNRA MAT

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laga nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur⁶⁹.

Samkvæmt lögum nr. 98/2008 um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum eftirfarandi:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum¹⁹

7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Skólinn hefur framkvæmt kerfisbundið mat á skólastarfinu síðan árið 1997. Sjálfsmatsteymi sér um skipulag og framkvæmd matsins. Í því sitja áfangastjóri, tveir fulltrúar kennara og fulltrúi starfsmanna. Formaður teymisins (gæðastjóri) er kennari. Ekki hefur verið rætt, að sögn yfirstjórnar, að hafa fulltrúa nemenda né foreldra í teyminu. Hlutverk teymisins er að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í skólanum eru eftirfarandi:

- *veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- *tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- *auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- *tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

Áætlun um framkvæmd innra mats er gerð til þriggja ára og er aðallega unnin út frá kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrárinnar. Þar eru tilgreindir þeir þættir sem áætlað er að meta hverja önn.⁷⁰ Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar sjálfsmatsskýrslur hans frá árinu 2008. Innra mat skólans árið 2013-2014 fól í sér

⁶⁹ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, gr. 40

⁷⁰ Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014.

áfangamat á hvorri önn, könnun á upplifun nýnema á busun, greining á menntunarstigi kennara, úttekt á kennsluáætlunum, annarmati meðal kennara o.fl. Í sjálfsmatsskýrslu 2013 – 2014 kemur fram að virkja þurfi kennara betur í áfangamatinu og þeirri spurningu varpað fram hvort ekki eigi að meta alla áfanga hjá öllum kennurum.⁷¹

7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Samkvæmt skýrslu skólans um innra mat fyrir skólaárið 2013- 2014 hafa kennarar og nemendur aðallega aðkomu að innra mati með þátttöku í könnunum. Foreldrar og annað starfsfólk kemur ekki beint að matinu. Að sögn yfirstjórnar er áætlað að annað starfsfólk taki þátt í innra mati skólaárið 2014 – 2015. Fram kom á fundi með kennurum að þriggja ára áætlun um innra mat væri ávallt samþykkt á starfsmannafundi og að á nýnemadögum hafi nemendur aðkomu að hvað eigi að meta. Niðurstöður matsins séu kynntar starfsmönnum á starfsmannafundi og skólameistari kynni það í skólanefnd. Þessu var yfirstjórn sammála. Nemendur, sem rætt var við, sögðust óska eftir frekari kynningu á því mati sem skólinn gerði.

7.3. Mat á frammistöðu kennara

Í innra mati er frammistaða kennara metin m.a. með áfangamati, þar sem nemendur eru beðnir um að meta kennslu, kennsluaðferðir, undirbúning, framsetningu kennsluefnis, námsmatsaðferðir o.fl., skilum á gögnum og annarmati og fylgst er með því hvort kennarar skili kennsluáætlunum á innri vef og lagt er fyrir kennara annarmat þar sem kennarar meta eigin áfanga.⁷² Skólameistari segist ræða við kennara í kjölfar matsins.

7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Áætlun um umbætur hefur verið gerð í kjölfar innra mats. Skólameistari er ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni og á mikið samstarf við formann sjálfsmatsteymis. Yfirstjórn segir að verið sé að skoða hvort innleiða eigi frekara gæðamat (ISO) og vinnur áfangastjóri að því verkefni.

71 Sjálfsmatsskýrsla 2013 -2014.

72 Heimasíða VA.

7.5. Mat úttektaraðila

- Innra mat skólans uppfyllir að flestu leyti viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Áætlun um framkvæmd innra mats er gerð til þriggja ára og er samþykkt á starfsmannafundi í upphafi hvers matstímabils. Allir þættir skólasamfélagsins eru metnir og flestir aðilar skólasamfélagsins koma að matinu, m.a. með þátttöku í könnunum. Á nýnemadögum hafa nemendur aðkomu að hvað meta skuli en æskilegt væri að fulltrúi nemenda sæti í sjálfsmatshópnum svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóli.
- Í innra mati er frammistaða kennara metin m.a. með áfangamati sem lagt er fyrir nemendum og með mati kennara á eigin áföngum. Skólameistari fylgir niðurstöðum eftir.
- Niðurstöður matsins eru kynntar formlega á starfsmannafundum og í skólanefnd en kynna ætti niðurstöður þess betur fyrir skólaráði, nemendum og foreldrum.
- Sjálfsmatsáætlun 2013 - 2016 liggur fyrir en þarf að vera ítarlegri. Þar vantar t.d. viðmið, mælingar og ábyrgð.
- Matið þarf að endurskoða þegar skólinn hefur útfært frekar kennsluhætti og námsmat í samræmi við markmið og áherslur í aðalnámskrá framhaldsskóla.

8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGSL

Að sögn stjórnenda leitast skólinn við að eiga gott samstarf við foreldra ólögráða nemenda. Skólinn heldur kynningarfundum fyrir foreldra nýnema þar sem aðstaða og þjónusta skólans er kynnt. Að sögn yfirstjórnar var aðsókn nokkuð góð á haustönn 2014 enda meira gert úr kynningarfundinum en áður, t.d. var gestafyrirlesari frá *Rannsóknnum og greiningu*. Fulltrúar frá um 60% nýnema mættu samanborið við um 30% tvö ár þar á undan. Foreldrar, sem rætt var við, segja auðvelt að koma sjónarmiðum á framfæri og einstaklega gott að vinna með skólameisturum gegnum tíðina sem hafi leitað eftir samstarfi og álitum foreldra.

Skólameistari segir VA leggja mikla áherslu á samstarf við grenndarsamfélagið og atvinnulífið á svæðinu. Skólinn tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, t.d. með nemendaskiptum, heimsóknnum erlendra nemenda og kennara, þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum o.fl.

8.1. Foreldraráð

Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólustarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.⁷³

Foreldraráð er við skólann en meginverkefni ráðsins tengjast ýmsu er varðar félagslíf nemenda og skólasókn. Kosið er í ráðið með því að óska eftir framboðum á foreldrafundi. Skv. fundargerðum ráðsins hefur það komið þrisvar sinnum saman á skólaárinu 2013 – 2014. Ráðið hefur fjallað um starfssvið ráðsins, kynningu fyrri foreldra, busun, viðburði, vímuefnanotkun, forvarnir, félagslíf o.fl. Foreldraráð er að sögn fulltrúa í ráðinu og yfirstjórnar virkt en virkni þess sé misjöfn eftir árum. Mikil velta væri á fulltrúum í ráðinu þar sem þeir eru almennt forráðamenn nemenda á aldrinum 16-18 ára. Fram kom á fundi með fulltrúum foreldraráðs að samstarf við skólann og aðgangur að upplýsingum væri góður en þau ættu t.a.m. fulltrúa í forvarnarráði skólans og í hópi um heilsueflandi framhaldsskóla. Einnig hafi skólinn boðið foreldrum upp á ýmis námskeið s.s. skólafærnisnámskeið sem ætlað er að efla og bæta samskipti milli heimilis og skóla.

8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Í sýn og markmiðum skólans er sérstaklega getið um skólann sem hluta af samfélagi. Þar er gerð grein fyrir tengslum við samfélagið og umhverfi annars vegar og menntun og menningu hins vegar. Einnig er fjallað um hvernig skólinn leggi mat á einstaka þætti er varða samfélag og umhverfi. Þar segir:⁷⁴

⁷³ Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 50. gr

⁷⁴ Heimasiða VA.

Verkmenntaskóli Austurlands leggur mikla áherslu á góð tengsl við það samfélag sem hann starfar í og það atvinnulíf sem hann þjónar. Markmið skólans er að bjóða upp á menntun sem gagnast samfélaginu sem hann er hluti af. Almenn menntun sem búið er upp á í skólanum tekur mið af þeim grunnþáttum sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla og nýtast þeir nemendum í daglegu lífi og í þátttöku þeirra í samfélaginu. Skólinn leggur rækt við að fylgjast með þróun samfélags og atvinnulífs og metur á grundvelli hennar hvort ástæða sé til að gera breytingar á námsframboði.

Samstarf er á milli skólans og grenndarsamfélagsins. Fyrirtæki á svæðinu styrkja skólann til tækjakaupa þá sérstaklega í verknámi. Atvinnulífið kom til að mynda að því að fjármagna kaup á vélarúmshermum sem var ein forsenda þess að skólinn gæti búið upp á vélstjórnarnám og að fjármögnun á tækjabúnaði í hátækni smíðastofu sem nefnd er FabLab (sjá nánar kafla 5.1.). Verkefnið var í samstarfi við Austurbrú og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Einnig hefur skólinn getað nýtt sér sérfræðinga úr atvinnulífinu til stundakennslu en þar er um mjög mikilvæga samvinnu að ræða að mati stjórnenda.⁷⁵

Skólinn er einnig í góðu samstarfi við aðrar skólastofnanir á svæðinu, þá aðallega grunnskóla. Elstu bekkir grunnskóla heimsækja skólann á ári hverju. VA hafði frumkvæði að og hélt utan um samvinnuverkefni Vinnuskóla Fjarðabyggðar og VA um kynningu á verknámi fyrir grunnskólanemendur. Nemendur sem luku 9. bekk grunnskóla í Fjarðabyggð og skráðir voru í Vinnuskóla Fjarðabyggðar, byrjuðu fyrstu vinnuvíkuna í VA og fengu fjóra tíma á dag í eina viku. Fór vinnan/námið fram í hópum í fjórum deildum skólans, málm-, tré-, hárf- og rafdeildum undir leiðsögn kennara. Sveitarfélagið Fjarðabyggð greiddi nemendum Vinnuskólans laun og skipulagði ferðir þeirra. Aðrir stuðningsaðilar voru fyrirtæki í Fjarðabyggð sem greiddu þeir laun kennara, efniskostnað og ferðalög nemendanna til og frá skólanum.

Einnig er samstarf við menningarlíf á svæðinu s.s. *Leikfélag Norðfjarðar*. Skólinn hefur haldið *Tæknidag fjölskyldunnar* árlega frá 2013 en það er samstarfsverkefni skólans og atvinnu- og menningarlífs á Austurlandi. Verkefnið er í samstarfi við *Austurbrú*. Jafnframt er skólinn í samstarfi við heilsugæsluna en hún leggur skólanum til hjúkrunarfræðing sem er með viðveru hálfan dag í hverri viku.⁷⁶

8.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldrar, sem rætt var við, sögðust eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann, upplifa vilja til samstarfs hjá skólameistara og aðgengi að stjórnendum sé gott. Líkt og kom fram að framan í kafla 8.1. eiga foreldrar fulltrúa í forvarnarráði skólans og í hópi um heilsueflandi skóla.

⁷⁵ Gögn frá skóla.

⁷⁶ Gögn frá skóla.

8.4. Upplýsingaflæði

Foreldrar geta nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðu skólans en þar er m.a. að finna skólanámskrá, ársskýrslu, sjálfsmatsskýrslu, námsmat, o.fl. Einnig er þar *Handbók heimilanna* sem eru ýmsar upplýsingar fyrir forráðamenn s.s. nöfn og netföng stjórnenda, mikilvægar dagsetningar, miðannamat, íþróttir, húsnæði skólans, forvarnir og félagslíf, foreldraráð, stöðþjónustu skólans, skólareglur o.fl. Tilgangur handbókarinnar er að koma til móts við þarfir heimilanna og stuðla að jákvæðum samskiptum við forráðamenn og að upplýsingar um skipulag og starfshætti skólans skili sér heim m.a. í þeim tilgangi að styðja nemendur í námi og ákvörðunum tengdum veru þeirra í framhaldsskóla. Sambærileg handbók, *Pési*, er gefin út fyrir nemendur. Þar eru ýmsar upplýsingar um skólastarfið s.s. stöðþjónustu, skóladagatal, íþróttir, húsnæði, aðstöðu, reykingar o.fl.⁷⁷ Að sögn þeirra er upplýsingamiðlun skólans góð, svo og heimasíðan.

8.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð skólans er virkt og gott samstarf milli foreldra og stjórnenda skólans. Kosið er í ráðið á aðalfundi þess. Foreldrar hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið m.a. á heimasíðu og kynningarfundum.
- Samstarf skólans og grenndarsamfélagsins er gott og stefnt er á að auka samstarf við grunnskólann. Samstarf við atvinnulíf á svæðinu er með ágætum. Samstarf er við vinnustaði um starfsnám fyrir nemendur á starfsbraut og skólinn á í samstarfi við atvinnulífið í tengslum við áfanga sem kenndir eru í skólanum. Með tilkomu Fab-lab er stefnt á að efla það enn frekar, sem komi fram í nýrri námskrá, og virkja alla Austfirði.

⁷⁷ Heimasíða VA.

9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.⁷⁸

9.1. Almenn stoðþjónusta

Við skólann eru veitt sérstök úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika og gerðar áætlanir um námsframvindu í samráði við nemendann og forráðamenn hans. Þær byggja á getu og áhuga nemenda og fylgja skilgreindri brautarlýsingu hverju sinni. Áætlanir eru endurskoðaðar tvisvar á ári. Stoðþjónusta skólans felst í náms- og starfsráðgjöf, sérkennara, hjúkrunarfræðingi, forvörnum og aðhaldi umsjónarkennara. Allir nemendur hafa aðgang að náms- og starfsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingi. Sérkennari veitir sérhæfða leiðsögn um tileinkun náms og framkvæmir lestrargreiningar. Forvarnarteymi starfar við skólann sem sér um fræðslu og eftirfylgni með nemendum. Allir nemendur með sérþarfir hitta umsjónarkennara vikulega.⁷⁹

Skimað er sérstaklega fyrir leshömlun tvisvar sinnum á ári meðal nemenda á starfsbraut. Ef grunur leikur á að nemendur á öðrum brautum eigi við lestrarvanda að stríða bera kennarar það upp við sérkennara sem skimar þá viðkomandi nemenda. Nemendum er veitt eftirfylgni og leiðbeint um ýmis námsgögn sem geti auðveldað nám s.s. hljóðbækur, aðstoð við lestur o.s.frv. Þau úrræði er alla jafna að finna í einstaklingsáætlun nemendans. Einnig fæst góð eftirfylgni með góðu og nánu samstarfi milli kennara.⁸⁰ Í sjálfsmatsskýrslu skólans árið 2013- 2014 kemur fram að sérkennari telur mikilvægt að skipulag sérkennslu sé formlegra. Tillögur til úrbóta í skýrslunni eru m.a. að nemendur framhaldsskólabrautar hafi sérstaka stuðningstíma í stundatöflu sinni.⁸¹

Skólinn gerir ráð fyrir að sinna langveikum börnum jafnt á við almenna nemendur með sérþarfir og er það að sögn stjórnenda gert í anda reglugerðar um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum. Misjafnt er eftir áföngum hvort nemendur fái stuðningstíma. Allir nemendur á starfsbraut fá stuðningstíma en einnig eru nokkrir nemendur sem hafa aðgang að sérkennara vegna námslegs stuðnings. Öllum nemendum er gert kleyft að stunda nám við skólann og en að sögn stjórnenda byggir undirbúningur fyrir nám líkamlegs fatlaðs einstaklings að miklu leyti á þeirri tilfærsluáætlun sem fyrir liggur. Ef nauðsyn krefur útvegar skólinn þau gögn og þá starfskrafta sem þarf til að sinna viðkomandi einstaklingum.

⁷⁸ Aðalnámskrá framhaldskóla: 2011:60.

⁷⁹ Gögn frá skóla.

⁸⁰ Gögn frá skóla.

⁸¹ Sjálfsmatsskýrsla 2013 – 2014.

Einnig sé í hávegum haft gott samstarf við forráðamenn og sérfræðinga um fötlunina. Ekki hefur reynt á að nemendi við skólann hafi þörf fyrir tákniál en að sögn stjórnanda væri reynt að koma til móts við þarfir hans með það að leiðarljósi að auðvelda slíkum nemenda nám í samræmi við sérfræðinga og útbúa viðeigandi námstilboð.⁸²

9.2. Starfsbraut

Starfsbraut hefur verið við VA frá árinu 2008. Starfsbraut er námstilboð fyrir nemendur sem hlotið hafa töluverða sér- og stuðningskennslu í grunnskóla vegna m.a. sértækra námsörðugleika, röskunar, skerðingar eða fötlunar. Námsframboð starfsbrautar tekur mið af þörfum og samsetningu nemendahóps hverju sinni. Námstími er yfirleitt átta annir og um er að ræða einstaklingsmiðað nám, verknám, bóknám og vinnustaðanám. Meginmarkmið náms á starfsbraut er að nemendur verði virkir þátttakendur í þjóðfélaginu og sjálfbjarga í daglegu lífi að því marki sem hverjum og einum er mögulegt. Reynt er að koma til móts við þarfir og óskir hvers og eins eftir því sem aðstæður leyfa með einstaklingsmarkmiðum. Sumir nemendur sækja alla sína tíma á starfsbrautinni fyrir utan íþróttir og lífsleikni sem þeir sækja með öðrum nemendum. Aðrir sækja kennslustundir í öðrum greinum eftir getu og áhuga og fá þá stuðning við verkefni og heimanám. Alls stunda 10 nemendur nám við brautina, þrjár stúlkur og sjö drengir. Námsmat er að sögn kennara á brautinni einstaklingsmiðað námsmat, s.s. munnlegt, verkefni, leiðsagnarmat, vinnustaðarmat o.fl.

Við starfsbrautina starfar sérkennari sem jafnframt er deildarstjóri, þroskaþjálfari í 100% starfi (í fæðingarorlofi, framhaldsskólakennari leysir af) og stuðningsfulltrúi í 80% starfi. Einnig sinna aðrir framhaldsskólakennarar nemendum brautarinnar ýmist við kennslu skilgreindra áfanga eða hluta nemendahóps í almennum áföngum. Einstaklingsbundnar námsáætlanir eru gerðar og endurskoðaðar á hverri önn. Að sögn stjórnanda er það öflugt og gott utanumhald sem einkennir stoðþjónustuna af hálfu margra fagaðila innan skólans.⁸³

Deildarstjóri segir öflugt og gott aðhald vera með nemendum á starfsbraut skólans og byggi það m.a. á öflugu teymi fagaðila sem koma að brautinni. Að sögn sérkennara og náms- og starfsráðgjafa hefur samstarf við félagsmálayfirvöld orðið erfiðara og þörf sé enn frekara og formlegra samstarfs við félagsþjónustu svæðisins. Skortur sé á úrræðum fyrir nemendur á starfsbraut þegar skóla ljúki.

⁸² Gögn frá skóla.

⁸³ Gögn frá skóla.

9.3. Mat úttektaraðila

- Verkmenntaskóli Austurlands hefur byggt upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist sinna þörfum þeirra vel, m.a. með fjölbreyttum kennsluáferðum og samvinnu við grenndarsamfélag. Úttektaraðilar telja að stöðþjónusta við nemendur sé í samræmi við aðalnámskrá og að komið sé til móts við þarfir nemendahóps skólans eftir því sem við á.
- Starfsbraut er við skólann og sinnir að mati úttektaraðila vel þeim einstaklingum sem hana stunda og í góðu samstarfi við annað skólastarf og grenndarsamfélagið. Bent er á að skortur er á úrræðum fyrir nemendur á starfsbraut þegar námi þeirra lýkur.

10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Hér að neðan er greint frá styrkleikum og veikleikum Verkmenntaskóla Austurlands. Greiningin byggir á viðtölum við yfirstjórn, kennara, starfsmenn, nemendur, foreldra, náms- og starfsráðgjafa, sérkennara, umsjónarmann starfsbrautar, skólaráð, skólanefnd og mati úttektaraðila.

10.1. Mat úttektaraðila

Styrkleikar	Veikleikar
Sérstaða skólastarfsins í námsfyrirkomulagi.	Erfiðlega gengur að laða að kennara með full réttindi.
Fjölbreytt námsval og kennsluaðferðir þar sem reynt er að koma til móts við margbreytilegan nemendahóp m.a. með öflugri stoðþjónustu.	Stærsta upptökusvæði skólans er fámennt sem getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val.
Mikið og gott samstarf við atvinnulíf og grenndarsamfélag.	Námsval nemenda er mjög kynbundið.
Metnaðarfullt, samstillt starfsfólk, stöðugleiki í starfsmannahópi.	Fagleg einangrun kennara (einn kennari í grein).
Markviss stjórnun.	Landfræðileg einangrun.
Öflug og áhugasöm skólanefnd.	
Samstarf við aðra framhaldsskóla í Fjarmenntaskólinn.is.	
Góður starfsandi, mikil nánd, og ánægðir nemendur og kennarar.	

Styrkleikar	Veikleikar
Lítill, heimilislegur skóli.	
Heimavist og gott mötuneyti.	
Öflugt forvarnarstarf.	

10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn og mennta- og menningarmálaráðuneytið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

10.3.1. Skólinn

1. Lokið verði við skólanámskrá sbr. lög og nýja aðalnámskrá. Í áfangalýsingum verði skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni og uppsetning á kennsluvef samræmd. Stefna skólans um námsmat verði skilgreind og hvernig m.a. skal fylgt með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Nemendur verði virkari við endurskoðun skólanámskrár og útfærslu kennslunnar og skipulag, sbr. aðalnámskrá.
2. Kannað verði hvernig fjölga má kennurum með full réttindi sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Samstarf við Fjarmentaskólinn.is hefur gefist vel en einnig mætti skoða aukið samstarf við Menntaskólann á Egilsstöðum t.d. með því að nýta kennara beggja skóla svo uppfylla megi betur lög um menntun kennara.
3. Hugað verði að markvissri endurmenntun starfsfólks og lokið við sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn. Horft verði enn frekar til nýrra miðla þar sem aðgangur kennara að endurmenntun getur verið erfiður vegna landfræðilegrar legu skólans.
4. Þar sem val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið þarf skólinn að huga að frekari aðgerðum í þá veru sbr. lög um jafnrétti.
5. Virkja þarf skólaráð enn frekar eins og til stendur svo það uppfylli hlutverk sitt sbr. lög um framhaldsskóla.
6. Skoða þarf betur líðan nemenda, m.a. þar sem kannanir hafa sýnt hátt hlutfall nemenda sem segjast glíma við andlega vanlíðan, og frekari aðgerðir til úrbóta. Einnig þarf að rýna betur í af hverju svo mörgum strákum finnst námið of létt, sbr.

könnun *Rannsóknar og greiningar*, sérstaklega í ljósi þess að flestir nemendur sem sækja um skólann eru teknir inn.

7. Mikilvægt er að reglulega séu lagðar fyrir kannanir um einelti.
8. Samstarf við framhaldsskóla á svæðinu og háskóla mætti auka en þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá.
9. Í sjálfsmatsáætlun verði viðmið, mælingar og ábyrgð tilgreind og matið kynnt öllum hagsmunaaðilum. Nemendur eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.

10.3.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Ráðuneytið skýri betur stefnu sína varðandi lengd iðnáms og starfsgreinaráð flýti vinnu við samþykktir námsbrauta.
- Auka ætti starfshlutfall í stjórnun skólans þar sem álag er mikið á yfirstjórn.
- Auka þyrfti formlegt samstarf milli skólastiga, m.a. með tilliti til hæfniprepa aðalnámskráa.

VIÐAUKAR

Viðauki I - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2014.

Námsbraut	Stelpur	Strákar	Alls
Án brauta	17	9	26
Félagsfræðibraut	31	23	54
Framhaldsskólabraut	0	12	12
Grunndeild málm- og véltæknigreina	1	18	19
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	0	0	0
Grunnnám rafíðna	0	14	14
Hársnyrtiiðn			
Húsasmíði	2	13	15
Iðnmeistaránám	1	2	3
Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum	10	0	10
Námsbraut fyrir skólaliða	1	0	1
Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa	7	0	7
Náttúrufræðibraut	16	11	27
Rafvirkjun	1	5	6
Sjúkraliðabraut	24	1	25
Starfsbraut	3	5	8
Vélstjórn/vélvirkjun	0	0	0
Vélvirkjun	0	0	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	0	2

HEIMILDIR

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

Ársskýrsla skólans 2013 og 2014. Sótt af <http://www.va.is>

Gögn frá skóla. Send Attentus – mannauði og ráðgjöf af skólameistara og áfangastjóra.

Hagtíðindi. 2004, ágúst. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt af heimasíðu Hagstofu Íslands.

Heilsueflandi framhaldsskóli. Reykjavík: Embætti landlæknis. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item15390/Um%20HEF%20-%202012.pdf>.

Heimasíða VA. Sótt af <http://www.va.is>

Könnun *Rannsóknar og greiningar* 2014. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf af skólameistara.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.

Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.

Reglugerð um starfslíð og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.

Sjálfsmatsskýrsla VA 2013-2014. Sótt af <http://www.va.is>

Skólasamningur VA og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2014.

Stofnun ársins. Sótt af <http://www.sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/>

Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. 2013. Unnin af Attentus – mannauði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Úttekt á starfsemi Menntaskólans við Hamrahlíð 2010. Unnin af Attentus – mannauði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga 2014. Unnin af Attentus – mannauði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Úttekt á starfsemi Verkmenntaskólans á Akureyri 2011. Unnin af Attentus – mannauði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.